



Íslenskar blaðaúrklippur, vegna fráfalls
Bjarna, Sigríðar og Benedikts,
10. júlí 1970, 5. hluti

Bjarni Benediktsson – Sigríður Björnsdóttir – Benedikt Vilmondarson – Fjölskyldan – Íslenskar
blaðaúrklippur

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Fjölskyldan
Askja 3-14

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþýðu blaðið

Fimmtudagur 16. júlí 1970 — 51. árg. 154. tbl.

BANASLYS

á Suðurlandsbraut í gærkvöldi

□ Banaslys varð á Suðurlandsbraut, skammt frá Langholtsvegi skömmu eftir klukkan sex í gærkvöldi, og er það sjöunda banaslysið í umferðinni það sem af er árinu. 59 ára gamall maður var á leið úr vinnu og tælaði að fara norðuryfir Suðurlandsbraut, er sendibífreið var í því bíli ekið austur Suðurlandsbrautina. Áleit ökumaðurinn, að maðurinn mundi ekki fara yfir götuna, sú varð ekki

raunin og tókst ökumanninum ekki að stöðva í tæka tíð, svo hann lenti framan á bílnum og kastaðist útfyrir veginn. Var maðurinn fluttur á Slysavardstofuna en síðan á Borgarsjúkrahúsið, þar sem hann lést kl. 9 í gærkvöldi. Ekki vildi lögreglan gefa upp nafn mannsins að sinni þar sem ekki hafði náðst í son hans í gærkvöldi til að til kynna honum slysið. —



ENN VERIÐ AÐ KÆLA GASHYLKI

□ Lítið var hægt að hreyfa við brunarústunum inni á Kirkjusandi í gær þar sem enn var hætt á að gashylkin spryngju, og var enn verið að kæla þau í morgun. Rannsókn á aldsupptökum eru því enn skammt á veg komin og ekkert hægt að segja um þau með vissu. Starfsmenn SVR byrjuðu strax í gærmorgun að kanna skemmdirnar á varahlutalagernum og tína út þá hluti, sem ekki urðu ónýtir í brunanum. Er það helzt allskonar tannhól og önnur stór stykki úr járn, sem ekki skemmdust alveg, en hvert einasta stykki varð að hreinsa hátt og lágt. Sama er að segja um peningabrusana, þá varð alla að hreinsa upp, og var unnið að því í gær, og líklega verður

hægt að taka þá í notkun í dag

eða á morgun. Á myndinni má sjá tvo vagnanna sem brunnu, en þeir voru þrjú eins og kunnugt er. Einn þeirra var tveggja ára gamall, af Volvogerð, en ný lokið var við að gera upp 3 ára gamlan Benz og breyta honum fyrir hægri umferð. Þriðji vagninn var 14 ára gamall og notaður til heimkeyrsla bílstjóra eftir kvöldvaktir. —

NEFND KANNAR STÖÐU TÆKNIMENNTUNAR

□ Menntamálaráðuneytið hefur skipað nefnd til þess að kanna stöðu tæknimenntunarinnar innan skólakerfisins og eðlileg tengsl hinna ýmsu fræðslustiga og gera tillögur um endurbætur í þessum efnam. Í nefndinni eiga sæti:

Andri Ísaksson, deildarstjóri skólarannsóknadeildar menntamálaráðuneytisins, formaður, forseti verkfræði- og raunvísindadeildar háskólans, Þorbjörn

Sigurgeirsson, skólastjóri Tækni skóla Íslands, Bjarni Kristjánsson, formaður Iðnfræðsluráðs, Óskar Hallgrímsson skólastjóri Iðnskólans í Reykjavík, Þór Sandholt, skólastjóri Vélaskóla Íslands, Gunnar Bjarnason, og skólastjóri Gagnfræðaskóla verk náms, Magnús Jónsson.

Nefndinni er ætlað að hafa samstarf við nefnd þá, sem nú vinnur að endurskoðun fræðslulaganna. —

DREGIÐ Í *HAB

□ Dregið var í Hapdrætti Alþýðublaðsins hjá Borgarfégetanum í Reykjavík í gær. Vegna þess að ekki eru komin öll skil utan af landi, verða vinningsnúmerin ekki birt fyrir en eftir nokkra daga.
H.A.B.

ÚTFÖRIN Í DAG

□ Eins og skýrt hefur verið frá verður útför forsætisráðherrahjónanna, frá Sigríðar Björnsdóttur og dr. Bjarna Benediktssonar og dóttursonar þeirra, Benedikts Vilmondarsonar gerð frá dómkirkjunni fimmtudaginn 16. júlí kl. 2 síðdegis.

Athöfnin verður sem hér segir:

Orgelleikur.

Sálmur.

Kveðjuorð — Biskup Íslands,

herra Sigurbjörn Einarsson.

Samleikur á orgel og celló.

Minningarorð — Dómprófastur, séra Jón Auðuns.

Sálmur.

Samleikur.

Sálmur.

Orgelleikur.

Dómorganisti, Ragnar Björns-son, annast orgelleik. Pétur Þorvaldsson leikur á celló. Karlakórinn Fóstbraeður syngur. —

Lúðrasveit Reykjavíkur leikur

sorgarlög á Austurvelli stundarfjórðung áður en kirkjuathöfnin hefst og þjóðsönginn, er kisturnar hafa verið bornar úr kirkju.

Ráðherrar, forseti sameinaðs Alþingis og borgarstjórnin í Reykjavík bera kistu forsætisráðherra úr kirkju, en vinir og vandamenn kistu frá Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmondarsonar.

Fjöldi erlendra sendimanna

verður viðstaddur útförina.

Í Dómkirkjunni verða frátekin sætin niðri fyrir nánustu ættingja og venzlamenn hinna látnu, ríkisstjórn og Alþingismenn, svo og sérstaka fulltrúa erlendra ríkja.

Forseti Íslands og forsetafrú verða við athöfnina.

Kirkjubekkir uppi verða opnir almenningi kl. 13.40.

Athöfninni verður útvarpað. Gjallarhornum verður komið fyr

ir við Alþingishúsið að Austurvelli og í anddyri Alþingishússins, en þar verður komið fyrir sætum fyrir almenning eftir því sem rými leyfir.

Vegna útfararinnar verða skrifstofur Stjórnarráðsins lokaðar frá hádegi, svo og aðrar opinberar stofnanir, þar sem því verður við komið. —

Forsætisráðuneytið,
15. júlí 1970.

Alþýðu blaðið

Útgefandi: Nýja útgáfufélagið
Frákvæmdastjóri: Þórir Siemundsson
Ritstjórn: Kristján Bersi Ólafsson
Sighvatur Björgvinsson (áb.)
Ritstjórnarfulltrúi: Sigurjón Jóhannsson
Fréttastjóri: Vilhelm G. Kristinsson
Auglýsingastjóri: Sigurjón Ari Sigurjónsson
Prentsmiðja Alþýðublaðsins

Þjóðin öll fylgir þeim til grafar

Í dag er gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík útför dr. Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra, frú Siguríðar Björnsdóttur konu hans, og dóttursonar þeirra hjóna, Benedikts Vilmundarsonar.

Í minningargrein í Alþýðublaðinu í dag segir dr. Gylfi Þ. Gíslason formaður Alþýðuflokksins:

„Löng kynni mín af Bjarna Benediktssyni hafa sannfært mig um að hann var mikill stjórnmaðamaður. Gáfur hans voru einstakar. En gáfur eru ekki einhlítar í stjórnmalum. Gáfaða menn getur skort dómgreind. Hana skorti Bjarna Benediktsson ekki. En jafnvel gáfur og dómgreind hrökkva ekki til ef forysta stjórnmalamanna á að verða farsæl. Næm sanngirni þarf að koma til og sú góðvild, sem aðeins fylgir göfugu hjarta. Engum gat dulizt gáfnafar Bjarna Benediktssonar né heldur dómgreind hans. Þetta tvennt setti meginsvip á framgöngu hans á stjórnmalasviðinu. Þeir, sem þekktu hann vel, vissu einnig um góðvild hans og sanngirni. Þess vegna voru samningar við hann markaðir af heiðarleik. Ég reyndi hann aldrei að öðru en drengskap, svo heilum drengskap, að virðing fyrir honum varð að vináttu.“

Þannig lýsa þeir Bjarna Benediktssyni, sem þekktu hann best. Hann var stjórnmaðaloringi, sem allir báru mikið traust til, hvort sem þeir voru honum sama sinnis í stjórnmalum eða ekki. Og við fráfall hans myndast mikið skarð, sem erfitt verður að fylla.

Bruninn á Þingvöllum í síðustu viku var einstæður atburður í íslenskri sögu. Í dramatík sinni minnir hann á Íslendingasögu. Ósjálfrátt kemur Njálssaga upp í hugann, jafnvel þótt enginn sé Flosi að þessu sinni. En nú sem þá brennur inni einhver göfugasti höfðingi samtíðar sinnar ásamt eiginkonu og ungum dóttursyni. Líkingin er mikil.

Og eins og íslenska þjóðin hefur um aldir harmað örlög Njáls á Bergþórshvoli, þannig syrgir hún nú Bjarna Benediktsson, konu hans og dótturson. Þjóðin öll fylgir þeim til grafar í dag.

Auglýsingasíminn er 14906

ERLEND MÁLEFNI

STYTTAN AF STALÍN

□ Þá er Stalin búinn að fá sér stytta — við Kremlarmúra rétt hjá grafhýsi Lenins. Jafnvel þótt þetta séu í sjálfu sér engin stórtíðindi og meginþorri sovétborgara láta það sig alls engu skipta, hefur það samt verið túlkað á mismunandi hátt af vestrænum fréttamönnum og sovétfræðingum. Sumir segja að þetta sé tákni um að stalinisminn sé að koma aftur á öllum sviðum. Aðrir segja að uppsetning styttnar hafi enga pólitíska þýðingu.

Að mínu viti eru báðar þessar túlkningar rangar. Sú skoðun, sem erkiheld vesturlanda heldur fram, að stalinisminn sem stjórnkerfi hafi verið endurlifgaður í Sovétríkjunum, gengur algjörlega fram hjá þeirri efna hagslegu, tæknilegu og félagslegu þróun, sem átt hefur sér stað í Sovétríkjunum síðan 1932. Þegar við andlát Stalíns voru ákveðin þættir stjórnkerfis hans orðnir úreltir, séráklæga handahófskennd. Ógnarstjórn hans, sem erfitt var að fella að þróun nútíma samfélags. Til þess að geta staðizt þurfi nútíma samfélög ákveðið félagslegt og persónulegt öryggi, og sú frelsiskerðing, sem hefur átt sér stað eftir fall Krútsévs, hefur ekki verið handahófskennd, heldur fyrst og fremst beiznt gegn andstöðuhreyfingunni. — Sovézkur borgari, sem sinnir daglegum störfum sínum og skiptir sér ekki af samfélagsmalum, á núna ekki á hættu að lenda í klónum á leynilögrelgunni. En á dögum Stalíns var það raunverulega enginn, sem gat verið öruggur.

En hins verður líka að minnast að arfar frá stalinismanum hvílir enn yfir Sovétríkjunum. Nafn Stalíns og verk, allt sem á einhvern hátt er tengt valda skeiði hans, er tilfinningameitad og notað á pólitískan hátt, þannig að engin leið er að líta á það sem ópólitískan verknað, þegar sett er upp stytta af Stalin.

Þeir sem segja að Stalin stytta hafi alls enga pólitíska þýðingu ganga fram hjá þeim áttök-

um, sem átt hafa sér stað í Sovétríkjunum síðan 1953 og þó einnig eftir að Krútsév afhjúp að Stalin á 20. flokksþinginu 1956 á 22. flokksþinginu haustið 1961 óx andúðin á Stalin. Þá var ákveðið að fjarlægja Stalin úr grafhýsi Lenins og reisa minnismerki um fornarlömb stalinismans. Stalin var fluttur í gróf við Kremlarmúra bak við grafhýsið, og enginn gat verið í minnsta vafa um að þessi flutningur á líkinu var pólitísk aðgerð.

Á hinn bóginn var aldrei reist neitt minnismerki yfir fornarlömb Stalíns, eins og Krútsév hafði lagt til. Það var heldur ekki nein tilviljun. Því að eftir fall Krútsévs hófst almennt afturhvarf, og afstaðan til Stalíns og stalinismans skipaði öndvegi í því, sem þá gerðist. Þetta var ekki aðeins fræðilegt ágreiningsatriði — ágreiningur um mismunandi sagnfræðiviðhorf. Að visu var hægt að segja með nokkrum rétti að sú mynd sem Krútsév og hans menn gáfu af Stalin og stalinímanum væri allt of einfölduð og því ekki sagnfræðilega rétt. En sú endurskoðaða mynd, sem Bréznév hefur dregið upp, er heldur ekki sagnfræðilega rétt. Hér er nefnilega á ferðinni það alþekktu fyrirbrigði að fortíðin er notuð í stjórnmalabaráttu samtímans, sagan er skrifuð upp til þess að gagna þeim, sem með völdin fer á hverjum tíma.

Afturhvarfið frá stefnu Krútsévs hefur komið sérstaklega fram á þremur sviðum. Í fyrsta lagi hefur frjálsræði verið skorið niður á sviði menn-

ingarmála. Í öðru lagi er löngu hætt að veita fornarlömbum Stalíns uppreisn; það koma ekki lengur út bækur sem fletta ofan af ógnarstjórninni. Og síðast en ekki sízt er aftur farið að hafa Stalin sjálfan í hávegum — sem herforingja, sem stjórnmalamaðmann, jafnvel sem hugmyndafræðing. Þetta brennt stendur í nánu sambandi hvað við annað. Og þess vegna er það engin tilviljun að stytta af Stalin er sett upp á sama tíma og farið er að hafa hann á ný í hávegum bæði í Sovétríkjunum og Tékkóslóvakíu. Það lof sem meentamálaraðferða Tékkóslóvakíu, Jaromír Hrbek, gaf Stalin nýlega fyrir „pólitískt og umveldislegt framlag til kommúnistahreyfingarinnar“, fellur vel inn í þessa þróun.

Flestir, og ekki sízt frjálslyndir meentamenn sovézkir, geta fallist á að myndin af stalinímanum þyrfti að vera blábrigðaritari og hlutlægari en sú sem Krútsév gaf. En þegar sovézkir vísindamenn og listamenn reyndu fyrir 23. flokksþingið 1966 að koma í veg fyrir endurreisn Stalíns, stafaði það af ótta við þær aðleiðingar sem slík endurreisn myndi fá. Og sá ótti hefur reynzt réttur. Raunar lét Evtúsétkó þennan sama ótta í ljós þegar upú úr 1960 í ljóði sínu Erfingjar Stalíns.

Ljóð Evtúsétkós sem var birt í Pravda af því að það hentaði Krútsév þá, tjáði mjúka framsýni. Hann varaði við bæði gömlu stalinístanum sem „huga að blómum sínum“ og „biða nýs tíma“, og þeim sem töluðu gegn Stalin opinberlega, en „en undirriðri þrá það sem þeir ferðæma.“ Evtúsétkó sagði að Stalin lifði í dauðanum.

Og það er einmitt það sem Stalin gerir. Jafn umbyltingarsamt skeið í sögu þjóðar — þegar nútíma iðnaðarríki er sett á laggirnar og milljónum sviptir lífi í ógnarstjórn sem hvergi á sér neinn líka — slíkur tími verður ekki metinn á kaldan og hlutlægan hátt. Stalin og stalinisminn eru ekki aðeins sagnfræðilegar staðreyndir. Þetta hvort tveggja er lifandi pólitísk — pólitísk sem hefur áhrif á framtíð sovétþjóðarinnar.

(Arbeiderbladet —
Jahn Otto Johansen)

Gerist áskrifendur

Áskriftarsíminn er 14900



ÞEGAR svo stórkostlega sorglegir og svíplegir atburðir gerast, sem hér hafa átt sér stað, verður manni orðs vant, og það því fremur, sem hér hefur horfið okkur einn allra mikilhæfasti stjórnmalamaður íslenskur, sem til var. Ég hefi átt samleið með Bjarna Benediktssyni nokkuð á þriðja áratug, þar af í ríkisstjórn um 13 ár, og þekkti hann því orðið all vel. Í örfáum orðum vildi ég því þetta um hann segja: Hann var skarpgáfaður, margfróður og stálminnugur; það mátti því alltaf mikið af honum læra. Hann var sanngjarn og heiðarlegur í samvinnu. Til hans mátti því ávallt leita, ef vanda bar að höndum. Hann var svo orðheldinn, að loforði hans mátti jafnan treysta. Þannig kom Bjarni Benediktsson mér ávallt fyrir. — Þegar slíkir menn falla frá, verður ekki aðeins héraðsbrestur, heldur hefur öll þjóðin misst mikils, svo mikils, að það skarð verður traudla fyllt. Ég þakka forsjóninni fyrir að hafa leyft mér að njóta samfylgdar hans, og ég leyfi mér að votta börnum hans, og öðrum ættingjum mína dýpstu samúð.

Emil Jónsson.

„Sníld er heilsteypur hæfileiki til að helga sig verkefni sínu“.

Þessi orð ritaði Thomas Carlyle, hinn brezki sagnfræðingur, um Friðrik mikla, eitt af mikilmennnum evrópskrar stjórnmálasögu. Þau eiga einnig við um Bjarna Benediktsson, sem eflaust verður talinn í fremstu röð stjórnmálamanna í allri sögu Íslendinga. Svo ungur hóf hann afskipti af stjórnmálum, að reynsla hans varð einstök. Og hann menntaðist af reynslu sinni, því að gáfur hans voru eins miklar og skapið var heitt. Snemma á stjórnmálaferli sínum komst hann sjálfur svo að orði: „Ég hef ætíð haldið, að sá gerði lítið gagn í stjórnmálum, sem eigi fengist við þau af einhverri innri þörf. Vegna þess, að honum fyndist að þau væri hans verkefni í lífinu. Vegna þess, að hann þættist hafa komið auga á einhver slík sannindi, að hann væri minni maður, ef hann legði sig ekki allan fram til að berjast fyrir þeim.“ Hæfileiki Bjarna Benediktssonar til að helga sig verkefni sínu í lífinu var sníld.

*

Við Bjarni Benediktsson áttum fyrst orðaskipti í anddyri hinnar nýju Háskólaþyngingar haustið 1940. Hann hafði þá verið prófessor við lagadeild Háskólans í átta ár, en ég var þá kornungur kennari við Viðskiptaháskólann, sem var sam-

einaður lagadeild vorði eftir. Í Háskólanum kynntumst við þó ekki, enda var hann settur borgarstjóri aðeins fáum dögum síðar. En lítil skipti okkar voru mjög vinsamleg. Næst lágu leiðir okkar saman, er ég tók sæti á Alþingi árið 1946, en þá hafði hann setið á þingi í fjögur ár. Með okkur tókust enn lítil kynni. Í umræðum um skilnaðinn við Dani á styrjaldarárunum hafði ég verið í hópi þeirra, sem litu öðruvísi á það mál en Bjarni Benediktsson og skoðanabráður hans. Við litum einnig ólíkum augum á þau vandamál, sem sigldu í kjölfar styrjaldarlokanna, og það, hver stefna Íslands skyldi verða í varnarmálum. Við deildum oft og stundum óvægilega. Hann var harðskeyttur í deilum, og ég hef eflaust verið hvatvís, eins og ungra manna er háttur, enda hef ég á síðari árum ekki undrasti það, að mér eldri mönnum meðal andstæðinga flokks míns hafi stundum þótt ummæli mín óbilgjörn.

Ég hafði setið á þingi í næstum hálfan annan áratug, áður en ég kynntist þáverandi formanni Sjálfstæðisflokksins, Ólafi Thors, að heitið gæti. En honum kynntist ég þá fyrst að ráði, er samningar hófust milli Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks um myndun samsteypustjórnar haustið 1959. Bjarna Benediktssyni kynntist ég í raun og veru ekki, fyrir en við höfðum báðir tekið sæti í ríkisstjórn Ólafs Thors. Eins og allir vita, sem til þekkja, er úr mörgum vanda að ráða fyrstu vikur nýs stjórnarsamstarfs. Ég mun aldrei gleyma því, að Ólafur Thors sagði einu sinni við mig á leið úr stjórnarráðinu niður í þinghús, eftir að ríkisstjórnin hafði haldið nokkra fundi, — með þeirri glettni, sem honum var lagin — að hann hefði verið að reyna að leyna því á fundunum, hversu mjög hann hefði hlustað eftir orðaskiptum okkar Bjarna. En nú væri hann alveg áhyggjulaus og mundi aldrei hlusta á okkur framar!

Af því er skemmt að segja, að milli okkar Bjarna Benediktssonar tókst ótrúlega fljótt þess konar samstarf, að ég hefði ekki getað á betra kosið. Það var ekki vegna þess, að við værum líkir menn. Ýmsar skoðanir okkar voru ólíkar, eins og eðli lagt er um menn, sem í æsku hafa skipað sér hvor í sinn flokk. En það, sem gerði samstarf okkar jafnheilsteypu og það varð frá upphafi og alla tíð, var eitt öðru fremur. Í öllum samningum fann ég, að honum mátti ávallt treysta, en við töldum það skyldu okkar og flokka okkar að skiptast ekki einungis á skoðunum um hvern þann vanda, sem að höndum bar, heldur reyna að leysa hann á þann hátt, er við trúðum, að væri þjóðarheildinni fyrir beztu. Bjarni Benediktsson sagði stundum fátt. En talað orð af hans vörum var eins og



MINNING

Bjarni Benediktsson, fo og frú Sigríður Bj

það þjarg, sem enginn fær bifað.

*

Mikill stjórnmalamaður þarf að vera mörgum hæfileikum gæddur. Hann verður að vera viljafastur. Hann þarf að vita, hvað hann vill. Hann verður að vilja það, af því að hann trúi, að það sé rétt. Hann þarf að vera sannfærður um, að það leiði til góðs. En hann verður einnig að skilja, að enginn er alvitur. Öllum getur skjátlazt. Þess vegna þarf hann að kunna að hlusta á andstæðing sinn, vera alþúinn að láta sannfærast af rökum hans, taka tillit til hans, virða hann.

Löng kynni mín af Bjarna Benediktssyni hafa sannfært mig um, að hann var mikill stjórnmalamaður. Gáfur hans voru einstakar. En gáfur eru ekki einhlítar í stjórnmálum. Gáfaða menn getur skort dómgreind. Hana skorti Bjarna Benediktsson ekki. En jafnvel gáfur og dómgreind hrökkva ekki til, ef forysta stjórnmálamanna á að verða farsæl. Næg sanngirni þarf að koma til og sú góðvild, sem aðeins fylgir gófugu hjarta. Engum gat dul-



BENEDIKT VILMUNDUR

14. apríl 1966 - 10. júní

„Sælir eru hjartahreininir, því að þeir



Forsetisráðherra Björnsdóttir

Ízt gáfnafar Bjarna Benediktssonar né heldur dómgreind hans. Þetta tvennt setti megin-svip á framgöngu hans á stjórn-málasviðinu. Þeir, sem þekktu hann vel, vissu einnig um góð-vild hans og sanngirni. Þess vegna voru samningar við hann markaðir af heiðarleik. Ég reyndi hann aldrei að öðru en drengskap, svo heilum drengskap, að virðing fyrir honum varð að vináttu.

*

Ég kynntist Bjarna Benediktssyni einnig í einkalífi hans og konu hans, Sigríði Björnsdóttur. Þau voru hamingjusöm hjón og hvort öðru sambóðin.

Lítill drengur fylgir þeim til hinztu hvílu. Rómverska skáldið Hóras segir í einu kvæða sinni:

*Felices ter et amplius
quos inrupta tenet copula nec malis
divulsus querimoniis
suprema citius solvet amor die.*

Þreföld er hamingja þeirra,
sem tengd eru traustum böndum
frjósællar ástar, sem ekki
haggast til hinztu dags.

GYLFI E. GÍSLASON.

Bjarni Benediktsson forsetisráðherra og eiginkona hans, Sigríður Björnsdóttir og dóttursonur þeirra, Benedikt Vil-mundarson, verða jarðsungen frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag.

Alþjóð er kunnugt um þann harmþrungna atburð, sem átti sér stað á Þingvöllum aðfaranótt hins 10. júlí og varð þeim hjónum og barnungum dóttursyni þeirra að aldurtíla.

Ég veit, að samstarfsmenn Bjarna Benediktssonar og aðrir er góð skil kunna á ævistarfi hans munu minnst hans í dag.

Það er því ætlun mín að skrifa hér nokkur orð í minningu konu hans, Sigríðar Björnsdóttur frá Ánanaustuum í Reykjavík.

Frú Sigríður Björnsdóttir var fædd í Ánanaustum 1. nóvember 1919, dóttir hjónanna Önnu Pálsdóttur og Björns skipstjóra Jónssonar í Ánanaustum.

Þau Anna og Björn eignuðust þrettán börn er öll náðu full-orðinsaldri, sem þá var fátítt hjá svo barnmörgu fólki meðan ekki þekktust þau nútíma lyf, sem koma í veg fyrir barna dauða af völdum farsóttu og annarra sjúkdóma.

Björn faðir Sigríðar var með aflasælastu skipstjórum hér við Faxaflóa, öðlingsmaður og höfðingi í land, ávallt með valið lið um borð í skipi sínu, enda var það ekki heiglum hent á þeim tíma að koma upp svo stórum barnahóp og af því líkri rausn og hann gerði ásamt sinni mikilhæfu konu, Önnu Pálsdóttur. Þau Anna og Björn menntuðu börn sín eftir því sem hugur þeirra stóð til. Sigríður gekk í Kvinnaskólann í Reykjavík og síðar í hústjórna-skóla í Svíþjóð.

Björn skipstjóri byggði með Kristni skipasmið, bróður sínum, sem kvæntur var Jónínu, systur Önnu konu hans, reisu-legt hús í Ánanaustum, þar sem hinn stóri barnahópur þeirra hjóna óx úr grasi, því þá var Vesturbærinn sannarlega grasi gróinn, þó að fjaran og hafið setti sinn svip á umhverfið í ljóma sumarsins og brimnýs vetrarins.

Börnin í Ánanaustum hlutu traust uppeldi og vinsældir meðal ættingja og vina. Barnalánið hefur efallast verið þeim Birni og Önnu mikill styrkur

í þeirra umfangsmikla ævi-starfi.

„Sorgin gleymir engum,“ segir Tómas skáld í þjóðvísu sinni, og það leið ekki á löngu að mikill harmleikur gerðist í lífi þeirra hjóna, því skyndilega var höggvið stórt skarð í barnahópin. Með stuttu millibili missa þau sex af börnum sínum. Fyrst Unni, gifta konu, 1937, síðan Anton, íþróttakennara, einnig kvæntan, sem fórst með vélskipinu Hilmi í kennsluferð vestur á land. Hann lét eftir sig son, Markús Örn, nýkjörinn borgarfulltrúa. Ekki liðu nema nokkrir mánuðir að Ægir heimtaði ný sonar-gjöld af þeim Birni og Önnu, tveir synir þeirra, Björgvin skipasmiður og Guðjón bróðir hans aðeins 18 ára, farast báðir með togaranum Max Pemperton í lok stríðsins 1944, að lokum misstu þau næst elztu dóttur sína, Sigurbjörgu, gifta konu og móður, árið 1946.

Þrátt fyrir allt þetta mæla möllæti stóðu þau Björn og Anna eins og klettur úr hafinu og létu ekki holskeflur sorgarinnar bera sig af leið.

Bjarni Benediktsson og Sigríður Björnsdóttir voru gefin saman í hjónaband 18. desember 1943. Engum sem til þekkti gat dulizt það að hjónaband þeirra var farselt og hamingjusamt allt til æviloka, þó líf þeirra væri ekki alltaf dans á rósum.

Björn í Ánanaustum, faðir Sigríðar, var reyndar þá fluttur í hús sem hann byggði á Sólvallagötu, dó 9. ágúst 1946.

Bjarni Benediktsson reyndist þeim Birni og Önnu strax frá upphafi ástríkur tengdasonur og lét sér mjög annt um Önnu, tengdamóður sína, eftir að hún varð ekkja.

Ég minnst Sigríðar, sem ungrar tápmikillar og glæsilegrar stúlku, sem var vinsæl í sínum vinahóp. Eftir að hún giftist Bjarna Benediktssyni varð hún vegna starfa hans að sinna ýmsum opinberum störfum, sem kröfðust skilnings og háttvísi og ber öllum saman um að hún hafi leyst þau störf af hendur með miklum sóma.

Áður en lengra er haldið vil ég ekki brjóta þá íslenzku hefð að geta að nokkru þeirra ættstofna er að Sigríði stóðu.

Föðurafi Sigríðar, Jón Björns son, útvegsbóndi í Ánanaustum fluttist norðan úr Skagafirði til Reykjavíkur, en hafði nokkra viðdvöl í Borgarfirði og kynntist þar Hildi Jónsdóttur, er síðar varð kona hans. Hildur var dóttir Jóns Böðvarssonar í Fljótstungu í Hvitársíðu og konu hans, Margrétar Þorlaksdóttur. Bróðir Hildar var Einar Jónsson, föðurafi Stefáns Jónssonar, hins vinsæla unglingabókahöfundar. — Margrét missti mann sinn, Jón Böðvarsson árið 1838, en hélt áfram búskap í Fljótstungu, giftist tveimur árum síðar Böðvari Jónssyni, ættuðum úr Norður-

árdal og átti með honum tvo sonu, Guðmund, sem dó ókvæntur og barnlaus og Helga, föður Guðjóns í Laxnesi í Mos fellssveit.

Móðurætt Sigríðar var öll úr Árnessýslu. Páll afi hennar var sonur Stefáns Þorlaksssonar hreppstjóra í Neðradal í Biskupstungum. Hann lézt á bezta aldri, aðeins 35 ára gamall. Auðbjörg, kona hans, stóð þá ein uppi með fjórar ungar dætur. Þrjár þeirra voru teknar í fóstur af föðurbræðrum sínum í Biskupstungum og Hvasshrauni á Vatnsleysuströnd. Anna, móðir Sigríðar, var yngst þeirra systra og ólst hún upp hjá móður sinni, sem fluttist að Auðsholti í Biskupstungum.

Börn þeirra Björns og Önnu, sem eftir lífa eru: Ásta, gift Hirti Hjartarsyni, Jón kvæntur Jennýju Guðlaugsdóttur, Hildur, ekkja Gísla Kærnested, Páll, kvæntur Ólöfu Benediktssdóttur, Auðbjörg, gift Guðmundi Benediktssyni, Haraldur, kvæntur Þóru Stefánsdóttur og Valdimar, kvæntur Steinunni Guðmundsdóttur.

Systkini Sigríðar, sem eftir lífa, tengdafólki, frændur — og aðrir vinir hennar, sakna þeirra hjóna og dóttursonarins unga sáran — og harma örlög þeirra, en harmur barna Bjarna og Sigríðar er meiri en orð fá lýst. Huggunarorð ná skammt þegar slík feikn gerast, en vonandi tekst börnum þeirra að lokum að græða sorg sína í minningunni um ástríka for-eldra, sem vildu þeim hið bezta í hvívetna.

Börn þeirra Bjarna og Sigríðar eru: Björn, fæddur 1944 og stundar lagánám við háskólann; kvæntur Rut Ingólfsdóttur; Guðrún, fædd 1946, starfar í banka; Valgerður, fædd 1950 og er við nám í B.A.-deild háskólans og Anna, fædd 1955, nemandi. — Benedikt Vil-mundarson, sem fórst með afa sínum og ömmu, 4 ára að aldri var óvenjulega efnilegt barn, sonur Valgerðar og Vilmundar Gylfasonar.

Ættingjar Sigríðar færa þeim hjónum og dóttursyni þeirra hinztu kveðjur sínar og þakka þeim allt hið líðna.

En tímans fljót rennur áfram og við berumst með straumnum unz bátur okkar berst að landi ókunnugrar strandar og klukkum verður hringt, eins og í dag. Frændi Sigríðar, skáldið í Gljúfra-steinu, kemst þannig að orði í kvæðinu góða, „Stóð eg við Öxará“:

„Mín klukka, klukkan þin,
kallar oss heim til sín.“

Skúli H. Magnússon.

Frh. á bls. 11.

NÁTTÚRUVÉNDARÁR 1970



VERJUM
GRÖÐUR
VÉNDUM
LAND

HREINT LAND FAGURT LAND

LANDVERND

LANDVERND - OG NÁTTÚRUVÉNDANDANTÉK ÍSLANDS

BÍLASKOÐUN & STILLING

Skúlagötu 32.

HJÓLASTILLINGAR

MÓTORSTILLINGAR LJÓSASTILLINGAR Sími

Látið stílla í tíma.
Fljót og örugg þjónusta.

13-100

Kaupgreiðendur

sem hafa í þjónustu sinni starfsfólk búsett í Kópavogi, eru hér með minntir á lagaskyldu til að tilkynna skrifstofu minni um alla þá Kópavogsbúa, sem hjá þeim starfa og skyldu til að taka skatta af launum og skila innan 6 daga frá töku.

Vanræksla á tilkynningu um starfsmenn getur valdið ábyrgð á skattgreiðslu starfsmannsins og vanræksla á skilum innheimtufjárrefsíabyrgð.

Bæjarfógetinn í Kópavogi

MINNING FORSÆTIS- RÁÐHERRAHJÓNANNA

□ Á landi elds og ísa eru veður válynd og órlög manna mikil. Á miðsumarsnóttu gerir fimbulkulda og ofsaveður, svo nær því fjöldi manna króknar úr kulda. Óveðrið bálar upp eidi í sumarbústað og foræðisráðherrahjónin okkar og dóttursonur þeirra farast.

Eldurinn hefur oft illa leikið ýtasyni á Íslandi. Njáll og Bergþóra brunnu inni ásamt dóttursyni og ættingjum, og eldfjöll gjósa fyrr en nokkurn varin. — Norðirnar slá vefinn og enginn veit sína ævina fyrr en hún öll er. Enn kviknar eldur og enginn veit neiti fyrr en allt er um seinan. Slysíð skeði án þess að nokkur gæði rönd við reist og þótt heil þjóð vildi þennan atburð sízt orðið hafa, þá gat enginn hans var með fádæmum og, ef leitað var persónulega til hans, var aldrei spurt um stjórnmálaskoðanir, sama hver átti í hlut. Hann var gæddur frábærum gáfum, sem nutu sín jafn vel í fræði störfum, sem og í rit- og ræðusælli. Hann var raunsæri öðrum stjórnmálamönnum og kom það jafnglégt í ljós í innanlandsmálum svo sem kjaramálum, sem hafa verið sérstaklega erfið viðfangs undanfarið vegna efnahagsferðleikanna, sem loksins hafði tekið að sigrast á, og í utanríkismálum, þar sem samant fór heill þjóðarinnar og þess heimshluta, sem við byggjum. Enginn einn maður grundvallaði frekar þá utanríkisstefnu okkar að taka þátt í sameiginlegum vörnum Atlantshafsbandalagsríkjanna, en þátttaka ríkjanna í sameiginlegum vörnum hefur svo verið hornsteinn þess bræðra laganda, sem þessar fyrum stríðandi þjóðir hafa notið eftir heimstyrjöldina síðari. Þessi ábyrga afstaða ríkjanna gagnvart sínum heimshluta hefur síðan kallað fram samskonar ábyrgð hjá ríkjum hins heimshluta, en þetta er forsenda þess friðar, sem við Norðurlöfubúar höfum notið um aldarfjórðungskeið.

Það má deila um leiðir og framkvæmdaatriði í þessu sambandi svo sem, hvort hér eigi að vera her Atlantshafsbandalagsins, þegar friðvænlegast þykir í heiminum. En um hit verður ekki deilt, að ábyrg afstaða Atlantshafsþjóðanna í varnarmálum og síðan gagnkvæmi heimshlutanna að þessu leyti, er grundvöllur þess friðar, sem við Norðurlöfubúar höfum notið og, sem er grundvöllur heimsfriðarinn.

Enginn einn maður á Íslandi hefur frekar borð gæfu til þess að skilja þetta og útskýra fyrir þjóðinni en Bjarni Benediktsson. Drottina Guð styrki þjóðina til þess að endurreisa það meki, sem nú er fallið og Drottinn Guð styrki syrgjandi ættingja og ástvíni kærleiksriks föður og afa, ástíkærrar móður og ömmu og hjartans sonar ungra foreldra og sólargæsla í lífi móður- og föðurforeldra og svo margra annarra.

Guðlaugur Tryggvi Karlsson.

Tönnnes Andenes ritar minningarorð um Bjarna Benediktsson í Arbeiderbladet, málagn norskra jafnaðarmanna í Osló. Hann segir m. a.:

— Ég er að lesa bréf frá Íslandi. Það er beztí vinur minn þar sem skrifar. Hann stungur upp á því að Mads Sigurður sonur minn komi og búi í sumarhúsinu hans. Um leið spyr hann hvort Anna dóttir sín geti komið í heimsókn til Noregs. — Sjáðu til, segir hann, — þetta er síðasta árið sem ég hef yfirráð yfir sumarhúsinu á Þingvöllum, og mig langar til að sýna syni þínum Þingvelli og Ísland. Og ég ált líka að Anna eigi að koma til Noregs áður en hún verður fullorðin.

Ég hef ekki fyrr lagt bréfið frá mér en útvarpið tilkynnir að sumarhúsið á Þingvöllum hafi brunnið til ösku og bréfritarinn, dr. Bjarni Benediktsson, Sigríður kona hans og Benedikt lítli dóttursonur þeirra séu ekki lengur í tölu lífenda.

Þurr æviferill segir lítið um manninn Bjarna Benediktsson. Bjarni var Íslendingur í húð og hár. Íslendingar vilja oft líkja sér við íslensku hestinn. Þegar ég sé íslenskan hest standa rólegan og traustan með höfuðið upp í norðanvindinn og regnið verður mér hugsað til Bjarna Benediktssonar. Bjarni Benediktsson var óveigjanlegur í mótbyr, fótvisi í klungri. En fyrst og fremst var hann klyfjahesturinn, sem vissi að framtíð Íslands var að miklu leyti undir starfi hans komin.

Í stofnunni heima hjá Bjarna Benediktssyni hékk norskur fáni. Hann var gjöf frá litilli stúlku í Hrifudal, þeim stað í Noregi sem fyrsti landnámsmaðurinn kom frá. Einstöku Íslendingi þótti Bjarni Benediktsson stundum vera of norskur; en hann hló aðeins að slíku fjasi og sagði að það hefði ætíð þótt góður síður á Íslandi að vera ætt-rækinn.


Bjarni óx upp í norrænu umhverfi. Faðir hans leitaði örvunar í þjóðarvakningu Norðmanna og gaf úr mikið af norskum bókmenntum. Sjálfur hafði Bjarni lúmskt gaman af að koma norskum stjórnmálamönnum á gal í fornum og nýjum norskum bókmenntum. Hann þekkti Noreg þegar en nokkur annar erlendur forsætisráðherra. Og það hefði vel að helzta verk hans á sviði lögfæðinnar var ritgerð um þingræði í Noregi og á Íslandi.

Ég man eins og það hefði gerzt í gær þegar ég hittí Bjarna Benediktsson í fyrsta skipi. Ég hafði ásamt kunningja mínum verið á veiðum við Ísland og við vorum að lesa sement í Reykjavík. Þetta var 1946 og okkur kom saman um að reyna okkur sem blaðamenn. Við burstuðum það mesta af sementsrykinu og báðum um viðtal við borgarstjórnann, Bjarna Benediktsson. Við bjuggum okkur vel undir viðtalið, og borgarstjórnin varð bæði glaður og undrandi yfir því, hve mikið norsk ungmenni vissu um Ísland. Það var konn- ið með kaffi og kökur og þarna hófst 25 ára vináttu. Þetta var Bjarna eðlilegt, hann kom eins fram við alla. Viðtalið varð ekkert styttra þótt við værum með sementsryk í eyrunum.

Bjarni og Sigríður kona hans voru nútímafólk, en þó samgölin sögunni. Þau hurfu af þessum heimi á þeim stað, sem þeim var hjartfólgnastrur, þar sem Íslendingar stofnuðu ríki fyrir 1100 árum og Ísland var lýst lýðveldi 1944 fyrir forgöngu Bjarna Benediktssonar.

Í dag hafa margir misst góðan vin; aðrir hafa misst sinn besta andstæðing. Allir harma. Og Ísland hefur ekki klyfjahestinn síon lengur.

VIPPU - BÍLSKURSHURÐIN



Lagerstæðir miðað við múr:

Hæð: 210 sm x breidd: 240 sm
- 210 - x - 270 sm

Aðrar stærðir, smíðaðar eftir þögn.

GLUGGASMIÐJA

Síðumúla 12 - Sími 38220



Dr. Bjarni Benediktsson



Benedikt Vilmondarson



Frú Sigríður Björnsdóttir

Forsætisráðherrahjónin

dr. Bjarni Benediktsson og frú Sigríður Björnsdóttir

Kveðjuorð frá formanni Framsóknarflokksins

Þegar sorgartíðindin um hið sviplega fráfall forsætisráðherrahjónanna spurðust s. l. föstudagsmorgun, áttu orð Jónasar skálds Hallgrímssonar áreiðanlega við:

Nú reikar harmur í húsum
og hryggð á þjóðbrautum.

Svo djúp voru áhrif þeirrar harmafregnar. Og í dag eru forsætisráðherrahjónin, Bjarni Benediktsson og Sigríður Björnsdóttir, og dóttursonurinn ungi, kvödd af þjóðinni allri. Á þeirri kveðjustund er margs að minnast, en í fáeinum kveðjuorðum verður fát eitt sagt.

Með dr. Bjarna Benediktssyni er hniginn í valinn einn svipmesti stjórnmalamaður þjóðarinnar. Hann hefur í störfum sínum komið víða við og markað hér dýpri spor en flestir aðrir samtímamenn hans. Síðasta áratuginn hefur hann ófæð verið valdamesti og áhrifaríkasti stjórnmalamaður landsins. Þegar slíkir menn hverfa af sjónarsviðinu, verður skarð fyrir skildi.

Bjarni Benediktsson átti að baki óvenjulega glæsilegan starfsferil. Hann varð ungur að árum kennari í lögfræði, borgarstjóri í Reykjavík líðlega þrítugur að aldri, var ráðherra um tuttugu ára skeið, og þar af síðustu sjö árin forsætisráðherra. Alþingismaður var hann frá því 1942. Formaður Sjálfstæðisflokksins var hann frá 1961, en hafði þá áður um árabíl verið varaformaður. Auk þess gegndi hann fjölmörgum trúnaðarstörfum öðrum, sem hér verða eigi rakin. Öll starfssaga hans ber því vitni, að allt frá unga aldri og æ síðan naut hann mikils og óvenju-

legs trausts þeirra, er þekktu hann best. Ég held og, að ekki sé ofmælt, að stjórnmalaaandstæðingar hafi almennt virt hann og viðurkennt, þrátt fyrir allt sem á milli bar.

Allt frá æskuárum hafði Bjarni Benediktsson ríka hneigð til fræðimennsku og stjórnmalastarfa. Má vera, að framan af hafi þessir þættir nokkuð togast á um hann. En allan síðari hluta ævi hans sátu stjórnmalin í fyrirrúmi, og hans er er nú fyrst og fremst minnst sem stjórnmalamanns. Þó hygg ég, að fræðistörfin hafi jafnan átt í honum ríkan þátt. Og honum auðnaðist að inna af hendi fræðistörf, sem lengi halda gildi. Lagadeildin sýndi honum því verðskuldadan sóma, er hún sæmdi hann doktorsnafnbót. Hygg ég, að honum hafi þótt vænt um þann virðingavott.

Ég kynnist Bjarna Benediktssyni fyrst sem kennara í lögum. Ég var nemandi hans öll námsár mín í Háskólanum. Á ég um hann góðar minningar frá þeim árum. Hann var góður kennari, skýr, ákveðinn og þungur á bárunni. Það varð síðar hlutskipti mitt að fást sérstaklega við þau fræði, er hann kenndi, og hefi ég á ýmsan hátt stuðzt við þann grundvöll, er hann lagði.

Eftir að ég kom á Alþingi, og reyndar áður, átti ég við hann margvísleg samskipti á stjórnmalasviðinu. Þar vorum við á öndverðum meiddi, og sá ég hann því auðvitað frá annarri hlið en samherjar, og er mín mynd af honum því eðlilega önnur en þeirra. Hann var sterkur pólitískur andstæðingur, skapheitur baráttumaður, slyngur málaílgjumaður og gat verið harðskyttur og þykkjubungur, ef því var að skipta. Hann var ágætur og rökfastur ræðumað-

ur, hafði frábært minni og gott vald á íslensku máli. Í málflutningi hans var oft mikill þungi og undiralda mikilla skapsmuna. Hann var margreyndur maður og vitur, en bar eigi tilfinningar sínar á torg. Hann var alla tíð starfsmaður mikill. Hann var tvímælaust fremstur sinna flokksmanna að minnum dómi.

Dr. Bjarni Benediktsson var umdeildur eins og aðrir stjórnmalaleiðtogar. Um slíka menn stendur oftast stormur og stýrr í lifandi lífi. Þeir njóta sjaldnast sannmælis fyrr en síðar, er sagan leggur dóm á verk þeirra, og er sá dómur þó enganveginn alltaf óskeikull. Það liggur í hlutarins eðli, að stjórnmalaaandstæðingar líta öðrum augum á ýmis stjórnmalastörf Bjarna Benediktssonar en skoðana-bræður hans. Þeir gagnrýna þau mörg, og verður þar sjálfsgott engin breyting á. En hvað sem öllum ágreiningi um stjórnmalastefnur og dægurmál líður, munu allir á einu máli um það, að Bjarni Benediktsson hafi verið mikilhæfur stjórnmalaföringi. Hann var einn þeirra manna, er settu hvað mestan svip á þjóðlífið síðustu árin og hafði úrslitaáhrif á framvindu margra mála. Að honum er mikill sjónarsviptir. Alþingi verður svipmínni án hans. Allir — jafnt stjórnmalaaandstæðingar sem samherjar — munu sakna þess að fá ekki framar að sjá hann eða heyra í sölu. Alþingis.

Frú Sigríður Björnsdóttir, forsætisráðherrafrú var greind kona og myndarleg, og var af öllum, er til þekktu talin ágætiskona og besta húsfreyja. Hún var manni sínum traustur lífsförunautur og stoð í

Framhald á bls. 8.

Erlendir fulltrúar við útförina

OÓ—Reykjavík, miðvikudag. Margir fulltrúar erlendra ríkja, sem verða við útför forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra, komu til landsins í dag.

Flestir þeirra komu með þotu FÍ, sem lenti á Keflavíkurflugvelli kl. 7 í kvöld. Meðal þeirra voru Per Borten, forsætisráðherra Noregs og frú, Sven-Eric Nilson,


settur forsætisráðherra Svíþjóðar og frú og Knud Thestrup, dómsmálaráðherra Danmerkur. Auk þeirra komu með vélinni ambassadorar og fulltrúar ríkisstjórna

nokkurra annarra landa. Í nótt milli kl. 4 og 5 eru fulltrúar Nixons Bandaríkjaforseta væntanlegir til landsins. Þeir eru Winton M. Blount, dómsmálaráðherra, Gale W. McGee, senator og Gordon Allott, senator. Þá verður Luther I. Reploge, ambassador, einnig fulltrúi Bandaríkjaforseta við útförina. Fulltrúi Færeyinga við útförina verður Kristján Djurhuus, lögmaður.

Þegar gestirnir stigu út úr þotunni, tóku Pétur Thorsteinsson, ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneytinu og sendiherrar og ræðis menn viðkomandi ríkja á móti þeim. Inni í flugstöðvarbyggingunni heilsuðu Jóhann Hafstein,

forsætisráðherra og Björn Bjarnason, sonur hinna látnu forsætisráðherrahjóna gestum. Þar voru einnig Anna Bjarnadóttir, dóttir forsætisráðherrahjónanna og Geir Hallgrímsson, borgarstjóri, og fleiri. Eftir að gestum hafði verið heilsað, óku þeir til Reykjavíkur.

Auk þeirra sem að framan eru taldir, komu með Gullfaxa eftirtaldir fulltrúar erlendra ríkja: Hans Heinrich von Bittenfeld fyrrverandi ráðuneytisstjóri frá Þýskalandi, Pentti Soumela, ambassador Finnlands, A. J. Clasen, ambassador Luxemborgar, Leon A. Van den Berghe ambassador Framhald á bls. 14.



Per Borten forsætisráðherra heilsar Jóhanni Hafstein forsætisráðherra og Birni Bjarnasyni við komuna til Keflavíkurflugvallar. (Tímamynd: OÓ).



Sven-Eric Nilson, settur forsætisráðherra Svíþjóðar og frú.



Knud Thestrup, dómsmálaráðherra Danmerkur, og Jóhann Hafstein forsætisráðherra.

GOÐAFOSS KOM Í GÆR

FB-Reykjavík, miðvikudag.

Goðafoss, fyrsta skipið af þremur, sem undanfarið hafa verið í smíðum hjá Alborg Værft AS í Álaborg, fyrir Eimskipafélag Íslands, kom til Reykjavíkur í morgun. Skipið er smíðað samkvæmt ströngustu kröfum Lloyd's Register of Shipping og styrkt til siglinga í ís. Það er úr stáli með tveimur þilföllum, sem ná eftir því endilöngu. Miðað er við, að nota megi skipið, hvort heldur sem er opið eða lokað hlífðarþilfarsskip.

Skipstjóri á Goðafossi er Magnús Þorsteinsson; yfirvélstjóri Arní Beck. I. stýrimaður Björn Kjaran, II. vélstjóri Kristján Wendel; loftskeytamaður Bogi V. Þórðarson og bryti Einar Sigurðsson.

Yfirbygging skipsins er aftast, en framan við hana eru tvær vörulestar. Þær eru einangraðar til flutninga á frystivörum, og rúmmál þeirra samtals um 150 þús. teningsfet. Lestarpönn eru tvö, hvort 6 m. á breidd og 17 m. á lengd. Lestarnar eru einangraðar með glerull, klæddar innan með alumíníum og trélistum. Kælivélarnar eru frá Sabroe í Árósum og geta haldið 25 st. frosti í lestunum, þótt sjávarhiti sé 32 st. og lofthiti 35 st. Hitastilling er sjálfvirk og má fylgjast með henni

á hitamælum á stjórnþalli og í vélarrúmi.

Á skipinu eru þrjú vökvadrifnir kranar, tveir miðskipa og einn aftan við aftari lúguna. Hver krani getur lyft 5 tona þunga. Kranana tvo, sem eru miðskipa, má tengja saman og getur þá einn maður stjórnað þeim báðum. Þeir geta sameiginlega lyft 10 tona þunga. Einnig er hægt að nota 30 tona lyftiás (þungabómu) með krönum tveimur og getur þessi samstæða þá lyft sameiginlega 40 tona þunga. — Kranarnir þrjú geta sameiginlega lyft 15 tona þunga.

Skipið er búið tveimur lyftiás-um fyrir 5 tona þunga og einum 30 tona lyftiási.

Aflvél skipsins er smíðuð hjá Burmeister & Wain, og er 5 strokka tvígens Diesel-hreyfill, 2860 hestöfl. Má gera ráð fyrir 14 sjómílna ganghraða þegar skipið er fullhlaðið. — Það er athyglisverð nýjung, að aðalvél skipsins er stjórnað frá brúnni. Þar er stórt stjórnborð útbúið fullkomnum tækjum til þess að stjórna vélinni. Er Goðafoss fyrsta íslenska skipið, sem hefur skirteini til að mega sigla um lengri eða skemmri tíma án þess að vakt sé í vélarrúmi. Þessu fylgir, að sjálfvirkni er á öllu, sem að

stjórn vélarinnar lýtur, og er sérstakur stjórnklefi í vélarrúminu með sjálfvirkum tækjum, sem senda aðvörðunarkerki með ljósi eða hljóðmerki upp í brúna, í setu stofunnar, matsaluna, herbergi vélstjóra og í vélarrúminu, ef eitthvað bregður út af.


Hjálparvélur eru 3, einnig af Burmeister & Wain gerð og smíðaðar þar. Þær eru hver 375 hestöfl, tengdar 325 KVA rafli, sem framleiðir 380 volta ríðstraum.

Skipverjar eru 22 og búa allir í eins manns herbergjum. Veggir í búðarherbergjunum og setustofum eru klæddir með þiljum úr óeldfimu plasti. Sömuleiðis eru húsgögn gerð úr efnum, sem ekki geta brunnið.

Upphitun og loftræsting í skipinu er með svonefndu GW-kerfi. Af siglingatækjum má nefna ratsjá, Gyro-áttavita með þremur álestrarskífum, sjálfstýritæki, bergmálsdýptarmæli, og kerfi til að vekja skipverja á vaktaskiptum.

Loftskeytastöðin er smíðuð hjá M.P. Pedersen í Kaupmannahöfn.

Tveir hjörgunarbátar úr plasti eru á skipinu, sem hvor um sig rúmar 36 manns, og er annar þeirra vélknúinn. Auk þess er skipið búið tveimur 20 manna gúmmífbátum.



Nýi Goðafoss í Reykjavíkurböfn.

(Tímamynd Gunnar).

LOKAÐ

vegna sumarleyfa dagana 18. júlí til 10. ágúst.

GLER OG LISTAR H.F.
Skúlatúni 6. Sími 12155

Minningarkort

- * Slysavarnafélags Íslands
- * Barnaspítalásjóðs Hringins
- * Skúlatúnsheimilisins
- * Fjórðungssjúkrahússins Akureyri
- * Sjálfsbjargar
- * Sálarrannsóknarfélags Íslands
- * Styrktarfélags vangefinna
- * S.I.B.S.
- * Krabbameinsfélags Íslands
- * Blindravinafélags Íslands
- * Flughjörgunarsveitarinnar
- * Rauða kross Íslands
- * Sjúkrahússjóðs Iðnaðarmannafél. á Selfossi
- * Líknarsjóðs kvenfélags Keflavíkur
- * Minningarsjóðs Háteigskirkju
- * Borgarneskirkju
- * Hallgrímskirkju
- * Akraneskirkju
- * Selfoskirkju
- * Helgu Ívarsdóttur
- * Mariu Jónsdóttur
- * Sigurðar Guðmundssonar, skólameistarar
- * Minningarsjóðs Steinars Richards Eliassonar
- * Kapellusjóðs Jóns Steingrímssonar, Kirkjubæjarklaustri
- * Minningarsjóðs Árna Jónssonar, kaupmannsinnar
- * Helgu Sigurðardóttur, skólustjóra
- * Ástu M. Jónsdóttur
- * Minningarsjóðs séra Páls Sigurðssonar

Fást í MINNINGABÚÐINI
Laugavegi 56. Sími 26725.

Tíminn

Útgefandi: FRAMSÓKNARFLOKKURINN

Framkvæmdastjóri: Kristján Benediktsson. Ritstjórar: Þórarinn Þórarinnsson (áb), Andrés Kristjánsson, Jón Helgason og Tómas Karlsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Ritstjórnarskrifstofur í Edduhúsinu, símar 18300—18306. Skrifstofur Bankastræti 7 — Afgreiðslusími 12323. Auglýsingasími 19523. Aðrar skrifstofur sími 18300. Áskriftargjald kr. 165,00 á mánuði, innanlands — í lausasölu kr. 10,00 eint. Prentsm. Edda hf.

„Að honum er mikill sjónarsviptir“

Útför forsætisráðherraþjónanna og dóttursonar þeirra verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík í dag. Öll þjóðin syrgir þau af heilum hug og vottar aðstandendum samúð sína.

Ólafur Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins, skrifar minningargrein um forsætisráðherraþjónin, og hefst hún á forsiðu blaðsins. Hann segir m.a.:

„Dr. Bjarni Benediktsson var umdeildur eins og aðrir stjórnmalaleiðtogar. Um slíka menn stendur oftast stormur og stýrri í lifandi lífi. Þeir njóta sjaldnast sannmælis fyrr en síðar, er sagan leggur dóm á verk þeirra, og er sá dómur þó engan veginn alltaf óskekull. Það liggur í hlutarins eðli, að stjórnmalaaandstæðingar líta öðrum augum á ýmis stjórnmalastörf Bjarna Benediktssonar en skoðanabræður hans. Þeir gagnrýna þau mörg, og verður þar sjálfsagt engin breyting á. En hvað sem öllum ágreiningi um stjórnmalastefnur og dægurmál líður, munu allir á einu máli um það, að Bjarni Benediktsson hafi verið mikilhæfur stjórnmalaföringi. Hann var einn þeirra manna, sem settu hvað mestan svip sinn á þjóðlífið síðustu árin og hafði úrslitaáhrif á framvindu margra mála. Að honum er mikill sjónarsviptir. Alþingi verður svipminna án hans. Allir, — jafnt stjórnmalaaandstæðingar sem samherjar — munu sakna þess að fá ekki framar að sjá hann eða heyra í söllum Alþingis.

Frú Sigríður Björnsdóttir, forsætisráðherrafrú, var greind kona og myndarleg, og var af öllum, er til þekktu, talin ágætiskona og bezta húsfreyja. Hún var manni sínum traustur lífsförunautur og stoð í starfi. Hún stóð við hlið hans í erfiðri stöðu á hefðartindi, þar sem oft er næðingssamt. Hún þurfti oft að koma fram sem fulltrúi lands og þjóðar, bæði heima og erlendis. Mun það allra dómur, að hún hafi ætíð komið þannig fram, að sómi var að, hvort heldur var innan lands eða utan. Hef ég heyrt ýmsa erlenda menn geta hennar með hlýju og virðingu. Hér var hún vel virt að verðleikum.

Þjóðin öll er harmi lostin vegna hins hörmulega slyss á Þingvöllum. En sárust er auðvitað sorg barna ráðherraþjónanna og annarra aðstandenda. Andspænis henni eru öll orð fánýt. En ég veit, að þau finna, að til þeirra andar nú hlýju og samúð frá landsmönnum öllum, hvar í flokki eða stétt, sem þeir standa. Ég sendi þeim einlæggar samúðarkveðjur. Ég votta einnig aðstandendum Benedikts litla, sem nú fylgir afa sínum og ömmu um ókunna stigu, innilega samúð.

„Skarð fyrir skildi“

Í ávarpi sínu til þjóðarinnar daginn eftir brunann á Þingvöllum, mælti dr. Kristján Eldjárn forseti Íslands, meðal annars þessi eftirminnilegu orð:

„Slíkir atburðir eru hörmulegri en svo, að orðum verði yfir komið. Í einu veffangi er burtu svipt traustum forystumanni, sem um langan aldur hefur staðið í fylkingarbrjósti og verið í fyrirsvari í þjóðlífi voru, og með honum ágætri konu hans, er við hlið hans hefur staðið með sæmd og þryði, og ungum sveini, sem var yndi þeirra og eftirlæti. Hér er skarð fyrir skildi, en á þessari stundu kemst ekki annað að í huga vorum en sorg og samúð. Það er stundum sagt, að íslenzku þjóðinni sé helzt að líkja við stóra fjölskyldu. Sannleik þeirra orða skynjum vér bezt á stundum mikilla tíðinda til gleði og sorgar. Þjóðin er harmi lostin og syrgir forsætisráðherraþjón sín.“

Undir þessi orð tekur öll íslenzka þjóðin. — AK.

C. L. SULZBERGER:

Stríð milli Rússa og Kínverja þykir ólíklegt á næsta áratug

Friðurinn er þó ótryggur, báðir aðilar nota tímann til að búa sig undir hugsanleg átök, og upp úr gæti soðið hvenær sem er.

SENNILEGAST þykir, að næsta áratug reyni bæði Rússar og Kínverjar að búa sig undir hugsanleg átök sín í milli, en ekki verði þó úr styrjöld milli þeirra, en heldur ekki varanlegur friður. Báðir aðilar óska eftir fresti til aukins undirbúnings.

Glögga fréttaskýrendur hér í Moskvu virðist greina allmjög á í þessum efnunum. Meiri hluti þeirra telur styrjöld milli Rússa og Kínverja hugsanlega einhvern tíma í framtíðinni. Minnihluta þeirra þykir styrjöld sennileg, en enn fámennari minnihluti telur styrjöld efalausa og óhjákvæmilega. Enginn virðist þessa fullviss, að jafnvægi og friði verði komið á.

ÞRÁTT fyrir þetta verður að telja litlar líkur á meiriháttar átökum í fyrirsjáanlegri framtíð, enda hníga fleiri rök að því að til þeirra komi ekki. Eðlilegt virðist og rökrétt að álíta, að valdhafarnir í Peking finni til aukinnar ábyrgðar eftir því sem þeir efast að kjarnorkubúnaði, alveg eins og ranuín hefur orðið með valdhafana í Moskvu og Washington.


Ennfremur virðist augljóst, að meiri gætni komi fram í athöfnum Kínverja en hinu eitruða orðbragði þeirra, enda þótt sambúð Kínverja og Moskvumanna sé afar slæm. Valdhafarnir í Peking gera sér grein fyrir að þá bresti enn tilfinnanlega bolmagn til þess að ráðast á Ráðstjórnarríkin. Líklegt er hins vegar, að valdhafarnir í Moskvu þykist að visu sjá fram á, að alvarleg meinsemd sé að búa um sig, en telji þó líkur á að nægilegt tóm gefist til að neyta ýmissa bragða áður en grípa þurfi til örþrifaráða.

VALDHAFARNIR í Moskvu telja sig sennilega ekki hafa efni á að hefja venjulega styrjöld gegn Kínverjum og koma sér þannig upp risavöxnu Viet nam við að glíma. Þó að Rússar hafi mjög mikinn heraflo þarri kínversku landamærunum verður ekki vart neins undirbúnings undir venjulega, langdregna styrjöld. Nýjar, mikilvægar samgönguáæðar hafa ekki verið lagðar, hvorki vegir né járnbrautir.

Ef til alvarlegra átaka kæmi hlýti því að verða um kjarnorku styrjöld að ræða, og venjulegar eldflaugabúnaður er til og frá í austanverðri Síberíu og og einnig í alþýðulýðveldinu Mongólíu, en það er í bandalagi við Rússa. Valdhafarnir í Moskvu gera sér hins vegar ljóst, að afleiðingar kjarnorkustyrjaldar yrðu ægilegar, jafvel þó að þeir færu með sigur af hólm. Kjarnorkustyrjöld hlýti að spilla mjög áliti Sovétríkjanna út á við og hættan á takmarkalitilli brenniförn gæti orðið ærin.



Brezhnev



Mao Tse-tung

SOVÉZKIR fréttaskýrendur sýnast vera sannfærðir um, að alvarleg hernaðarhætta geti ekki stafað af Kínv. næstu tíu ár eða svo. Meginherafli Kínverja er fjárir landamærunum til þess að auðveldara sé að grípa til hans ef átök brjótast út innan lands. Valdhafarnir í Moskvu hafa hins vegar myndað nýtt hernaðarsvæði meðfram kínversku landamærunum, Hernaðarsvæði Mjð-Asíu.

Undirbúningur af beggja hálfu virðist einkum miðaður við varnir, enda báðir aðilar með mörg járn í eldinum. Valdhafarnir í Moskvu hafa til dæmis komið af stað andúðaröldu gegn Kínverjum meðal Turkmena í Sinkiang, en það var áður verndarsvæði bæði Kínverja og Rússa, en lýtur nú valdhöfunum í Peking.

Brezhnev hefur skipulagt sameiginlegt öryggiskerfi í Asíu og er það tilbúið til nota ef í nauðirnar rekur. Annað úrræði Rússa er að reyna að koma á góðum samböndum við ríkisstjórn Chiang Kai-sheks á Taiwan (Formósu).

RÚSSAR standa hins vegar höllum fæti í suð-austur Asíu saman borið við valdhafana

í Peking. Áhrif þeirra á forustumennina í Hanoi hafa dvín að, en þeir gera sér hins vegar vonir um, að Norður-Vietnamar geri sér grein fyrir að þeir hafi færzt of miklð í fang og geri sér einnig af gamalli reynslu ljósan bann háska, sem þeim geti stafað af öfluggu Kínaveldi. Leiðtogar Sovétríkjanna þruga að visu gegn Bandaríkjunum, en hafa að undanförunu látið sér nægja að biða og fylgjast með framvindu baráttunnar í Indó-Kína.

Að því er Evrópu snertir óska valdhafarnir í Moskvu eindregið eftir samkomulagi við ríkisstjórnina í Bonn, til þess að þeir geti haft frjálshari hendur í austri ef á þarf að halda. Haldið hefur verið fram í áróðrinum að undanförunu að Vestur-Þjóðverjar hafi veitt Kínverjum tæknilega aðstoð við smíðj og undirbúning ferfitunglanna, sem þeir hafa sent á loft. Þessum áróðri hefur nú verið hætt í von um að það greiði fyrir samkomulagi við Bonn-stjórnina.

RÚSSAR og Kínverjar hafa báðir ástundað hernaðarlega bjrgðasöfnun að undanförunu til þess að búa sig undir hugsanleg átök. Sovétmenn hafa safnað að sér úrvals stáli í ýmsan útbúnað og samgöngutækjum frá Vestur-Þýzkalandi, Banda ríkjunum og Japan. Nauðsyn á eflidum hervörnum hefur verið notuð sem afsökun fyrir litlum framförum í efnahagsmálum.

Forráðamenn hergagnaiðnaðarins rússneska leggja mikla áherzlu á háskann, sem af Kínverjum stafi, og geri aukin útgjöld til hernaðarþarfa óhjákvæmileg. Hætta á innrás úr vestri er ekki tekin trúanleg lengur, — og sést það bezt á áframhaldandi samningaviðræðum bæði við Bandaríkjamenn (SALT) og valdhafana í Bonn.

Þegar úr ógninni í vestri dregur leggja sovétu hershöfðingjarnir því meiri áherzlu á þann háska, sem yfir vofi úr austri. Yakubovsky marskálkur hefur varað við því, að Kínverjar séu að undirbúa styrjöld. Grechko marskálkur krefst þess, að varnirnar í austri verði eflidar að minnsta kosti til jafns við varnirnar í vestri.

ÞEGAR hliðsón er höfð af öllum rökum virðist styrjöld ósennileg að svo stöddu milli risaveldanna tveggja. Rússar, sem eru óneitanlega máttugri, óska ekki eftir henni, og Kínverjar ættu ekki að gera það heldur. Hitt kann aftur á móti að vera vafamál, hvort eðlileg rök verða látnin ráða úrslitum þegar til kastanna kemur.

Báðir aðilar virðast einkum hafa í hyggju að nota næsta Framhald á bls. 14.

Forsætisráðherrahjónin og dóttursonur þeirra


Dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, var rúmlega 62 ára er hann lézt, fæddist árið 1908. Hann var yngsti sonur hjónanna Benedikts Sveinssonar, alþingismanns, og Guðrúnar Pétursdóttur.

Hann kvæntist fyrri konu sinni, Valgerði Tómasdóttur, í október 1935, en hún lézt í marz 1936 aðeins 22 ára að aldri. Í desember 1943 kvæntist hann Sigríði Björnsdóttur, sem fórst með honum og dóttursyni þeirra hjóna í brunan um á Þingvöllum.

Þau hjónin áttu fjögur börn. Björn, fæddur 1944, sem stundar laganám við Háskóla Íslands og er kvæntur Rut Ingólfsdóttur. Guðrúnu, sem fæddist 1946 og starfar í Útvegsbanka Íslands. Valgerði, sem fæddist 1950 og stundar nám í BA-deild Háskóla Íslands, en starfar sem flugfreyja á sumrin. Og Önnu, sem er fædd 1955, og er við skólánám.

Þau áttu tvö barnabörn, og fórst annað þeirra með þeim á Þingvöllum. Það var Benedikt Vilmundarson, sonur Valgerðar og Vilmundar Gylfasonar. Hann var fjögurra ára. Hitt barnabarnið er Bjarni, þriggja ára, sonur Guðrúnar og Markúsar Jenssen.

Bjarni Benediktsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólunum í Reykjavík 1926 og lagði því næst stund á laganám í Háskólanum, en þaðan lauk hann embættisprófi árið 1930. Þá hélt hann til framhaldsnáms í stjórnlagafræði við háskóla í Berlín og Kaupmanna höfn, en kom heim árið 1932 og var skipaður prófessor við Háskólann. Var hann þá 24 ára gamall.



Bjarni Benediktsson ræðir við Dean Rusk í desember 1964, en þá var Rusk utanríkisráðherra Bandaríkjanna.

Bjarni gegndi prófessorsembættinu til ársins 1940, en þá tók hann við embætti borgarstjóra í Reykjavík. Hann hafði þá um nokkurt skeið, eða frá 1934, átt sæti í borgarstjórn, og var svo til 1942 og svo aftur frá 1946 til 1949. Hann var borgarstjóri til ársins 1947, en það ár hófst ráðherraferill hans.

Hann var fyrst utanríkis- og dómismálaráðherra og gegndi

þeim embættum til ársins 1953. Það ár varð hann dómismála- og menntamálaráðherra og gegndi því embætti til 1956.

Frá 1956 til 1959 var Bjarni ritstjóri Morgunblaðsins, en varð síðan dómismála-, iðnaðarmála- og kirkju- og heilbrigðismálaráðherra í ríkisstjórn Ólafs Thors. Þegar Ólafur Thors lét af embætti forsætisráðherra í nóv. 1963, tók

Bjarni við því embætti og gegndi því til dauðadags.

Bjarni Benediktsson var kjörinn í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins árið 1936 og á alþingi fyrir flokkinn árið 1942 og sat þar síðan. Hann var lengi varaformaður flokksins, og tók við formennskunni af Ólafi Thors árið 1961.

Bjarni Benediktsson gegndi fjölmörgum öðrum störfum.

Hann var t. d. stjórnarformaður Almenna bókafélagsins frá upphafi, og sat í stjórn Almenna Eimskipafélags Íslands, Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis um árabil og í stjórn Árvakurs frá 1955. Hann sat allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og var í fjölmörgum innlendum nefndum og ráðum.

Einnig ritaði Bjarni mikið um stjórnarmál, lög og ýmis önnur mál, og hefur hluti af grein um hans og ræðum þegar verður gefinn út á vegum Almenna bókafélagsins.

Meðal rita Bjarna Benediktssonar er „Deildir Alþingis“, sem kom út sem fylgirit Árbókar Háskóla Íslands og síðar í bókformi árið 1939. Á prófessorsárum sínum gaf hann einnig út í handriti fyrirlestra um Dómstóla og réttarfar og Ágrip af íslenskri stjórnlagafræði II.

Þá hefur hann ritað margar greinar um lögfræðileg og stjórnlagafræðileg efni í ýmis tímarit og afmælisrit.

Bjarni Benediktsson var sæmdur heiðursdoktorsnafabót í lögum á hálfri aldar afmæli Háskólans árið 1961, og var auk þess sæmdur mörgum heiðursmerkjum.

Frú Sigríður Björnsdóttir fæddist árið 1919, dóttir hjónanna Björns Jónssonar, skipstjóra í Ananaustum, og Önnu Pálsdóttur.

Benedikt Vilmundarson, dóttursonur þeirra hjóna, fæddist 1966, sonur þeirra Valgerðar og Vilmundar Gylfasonar, sonar Gylfa Þ. Gíslasonar, menntamálaráðherra og konu hans, frú Guðrúnar Vilmundar dóttur. — E.J.

ÚTFÖRIN FER FRAM FRÁ DÓMKIRKJUNNI Í DAG

KJ—Reykjavík, miðvikudag. Útför forsætisráðherrahjónanna dr. Bjarna Benediktssonar og frú Sigríðar Björnsdóttur og dóttursonar þeirra Be-

redikts Vilmundarsonar, verður gerð frá Dómkirkjunni á morgun, fimmtudag, og hefst athöfnin klukkan tvö. Biskupinn yfir Íslandi herra Sigurbjörn Ein-

arsson flytur kveðjuorð, en minningarorð flytur dómprófastur séra Jón Auðuns.

Dómorganisti, Ragnar Björns

son, annast orgelleik. Pétur Þorvaldsson leikur á celló. Karlakórinn Fóstbræður syngur. Lúðrasveit Reykjavíkur leikur sorgarlög á Austurvelli stundarfjórðung áður en kirkjuathöfnin hefst og þjóðsönginn, er kisturnar hafa verið bornar úr kirkju.

Ráðherrar, forseti sameinaðs Alþingis og borgarstjórnin í Reykjavík bera kistu forsætisráðherra úr kirkju, en vinir og vandamenn kistu frú Sigríðar Björnsdóttur og Benedikts Vilmundarsonar.

Í Dómkirkjunni verða frátekinn sætin niðri fyrir nánustu settingja og venzlamenn hinna

látinu, ríkisstjórn og Alþingismenn, svo og sérstaka fulltrúa erlendra ríkja.

Forseti Íslands og forsetafrú verða við athöfnina.

Kirkjubekkir uppi verða opnar almenningi kl. 13.40.

Athöfninni verður útvarpað. Gjallarhornum verður komið fyrir við Alþingishúsið og í anddyri Alþingishússins, en þar verður komið fyrir sætum fyrir almenning eftir því sem rými leyfir.

Opinberar skrifstofur og fyrirtæki verða lokað á morgun eftir hádegis, eftir því sem við verður komið.

Kveðjuorð frá formanni Framsóknarflokksins

Framhald af bls. 1 starfi. Hún stóð við hlið hans í erfiðri stöðu á hefðartindi, þar sem oft er næðingssamt. Hún þurfti oft að koma fram sem fulltrúi lands og þjóðar bæði heima og erlendis. Mún það allra dómur, að hún hafi stíð komið þannig fram, að sómi var að, hvort heldur var innanlands eða utan. Hef ég heyrt ýmsa

erlenda menn geta hennar með hlýju og virðingu. Hér var hún vel virt að verðleikum.

Þjóðin öll er harmi lostin vegna hins hörmulega slyss á Þingvöllum. En sárust er auðvitað sorg barna ráðherrahjónanna og annarra aðstandenda. Andspenis henni eru öll orð fánýt. En ég veit, að þau finna, að til þeirra andar nú hlýju og samúð frá landsmön-

um öllum, hvar í flokki eða stétt, sem þeir standa. Ég sendi þeim einlægur samúðarkveðju. Ég votta einnig foreldrum og aðstandendum Benedikts litla, sem nú fylgir afa sínum og ömmu um ókunnna stigu, innilega samúð.

ÓLAFUR JÓHANNESSEN.

LOKAÐ

Vegna útfarar forsætisráðherraþjónanna og dóttursonar þeirra, verða skrifstofur vorar lokaðar eftir hádegi fimmtudaginn 16. júlí.

Almennar tryggingar h.f.
Brunabótafélag Íslands
Íslensk endurtrygging
Samábyrgð Íslands á fiskiskípum
Samtrygging íslenskra botnvörpunga
Sjóvátryggingafélag Íslands h.f.
Trygging h.f.
Tryggingamiðstöðin h.f.
Vátryggingaskrifstofa Sigfúsar
Sighvatssonar h.f.
Samband ísl. tryggingafélaga.

LOKAÐ

Skrifstofur Reykjavíkurborgar og stofnana hennar, verða lokaðar frá hádegi, fimmtudaginn 16. júlí 1970.

Borgarstjórnin í Reykjavík.

LOKAÐ

Skrifstofur og verzlánir okkar verða lokaðar frá hádegi, fimmtudaginn 16. júlí, vegna útfarar forsætisráðherraþjónanna og dóttursonar þeirra.

Bræðurnir Ormsson h.f., Lágmúla 9.

LOKAÐ

Vegna útfarar forsætisráðherraþjónanna og dóttursonar þeirra, verður skrifstofum vorum lokað eftir hádegi, fimmtudaginn 16. júlí.

Samvinnuþryggingar
Líftryggingafélagið Andvaka

LOKAÐ

Mjólurstöð, skrifstofa og mjólkurbúðir okkar verða lokaðar frá kl. 1—4, fimmtudaginn þann 16. júlí, vegna jarðarfara forsætisráðherraþjónanna og dóttursonar þeirra.

Mjólkursamsalan.

ÞAKKARÁVÖRÐ

Öllum þeim, sem glöddu mig og heiðruðu á átt-ræðisafmæli mínu 2. júlí s.l., með heimsóknum, heilla-skeytum og gjöfum, færi ég innilegar þakkir.
Lifið heil.

Áki Kristjánsson, Brekku, Djúpavogi.



Móðir okkar og tengdamóðir,

Sigríður Einarsdóttir,

Hvammi Eyjafjallum, sem andaðist 12. þ. m., verður jarðsöngin frá Ásólfstaðakirkju, laugardaginn 18. þ. m. kl. 2 e. h.

Börn og tengdabörn



Þótt peningabaukarnir væru illa farnir eftir brunann, verða þeir komnir aftur á morgun í stað plastpokanna í dag.

SVR-bruninn

Framhald af bls. 16
Þeir vagnar og eyðilögðust þeir allir. Einn vagnanna var nýr vagn, eða frá því í maí 1968, annar var sá sjðasti sem breytt var fyrir hægri umferð, en sá þriðji var ekki notaður sem strætúsvagn. Vantar því tvo vagna sem venjulega voru í gangi, en nýir vagnar kosta 3 — 3 og hálf milljón hver.

Verkstæðishús í byggingu

Verkstæðishúsið sem er í byggingu á athafnasvæði SVR á Kirkju sandi, átti að vera tilbúið til notkunar í útmánuðum 1971, en nú verður reynt að flýta byggingunni. Það sögn Eiríks Ásgeirssonar: SVR eru ekki í algjöru húsnaðisleysi, hvað verkstæði snertir, þrátt fyrir brunann, þar sem mótorkerstæði og yfirbyggingaverkstæði brunnu ekki, og auk þess má búast við að notast megi við gryfjurnar í húsinu sem brann.

Kandidatspróf

Framhald af bls. 6
Böðvar Guðmundsson cand. mag.
Eiríkur Þormóðsson stud. mag.
Gunnar Karlsson cand. mag.
Heimir Pálsson cand. mag.
Jónas Finnogason, stud. mag.
Kristín Arnalds stud. mag.
Ólafur Oddsson stud. mag.
Sverrir Tómasson stud. mag.
Þorleifur Hauksson stud. mag.
Órn Ólafsson, stud. mag.

Drykkjarvatn

Framhald af bls. 16
Nýlega fannst þó lausn, sem líklega verður ofan á. Það er „mjólkurhryna“ með álpappír innan í. Hún brennur vel og rotnar fljótt, og orsakar því ekki mikil óhreinunni út í náttúrunni, þótt hún kunnist að stæðast þangað.

Hyrnurnar verða tveggja litra, sex í kassanum, sem kosta mun 185 kr. hver, á norskum markaði.

Stang sagði, að stofnað yrði hluta félag á næstunni og þegar til útflutnings á vatninu kæmi, hétu það ekki lengur „vatn“, heldur „Nordwater“.

Sagðist Eiríkur vonast til að rekstur vagnanna myndi ganga eðlilega, þrátt fyrir þetta óhapp, en verið getur að eitthvað fari afлага, og þá veit fólk að þar er verkstæðisbrunnum um að kenna.

Hús og munir var allt eðlilega tryggt.

Erl. gestir

Framhald af bls. 3.
Belgu og R. H. van Limburg Stirum, fyrsti sendiráðsritari frá Hollandi.

Þá komu einnig með vélinni Andew Gilchrist, fyrrum ambassáðor Englands á Íslandi og frá.

Ríkisstjórnir Ísraels, Ítalíu og Írlands hafa beðið ræðismenn sína í Reykjavík að vera sérstaka fulltrúa við útförina.

Auk þessara manna eru komnir til Íslands til að vera við jarðar förina, þeir James K. Penfield, sem var ambassáðor Bandaríkjanna á Íslandi 1961 til 1967, og Ralph Weymouth, flotaforingi, sem var yfirmaður varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli árin 1965 og 1966. Þeir eru hér báðir á eigin vegum, en ekki sem opinberir fulltrúar.

Fimmtu-dagsmót

5. fimmtudagsmótið í frjálsum íþróttum fer fram í kvöld á Melavellinum og hefst kl. 18.30.

Keppt verður í tveim greinum, kringlukasti og spjótkasti karla.

LOKAÐ

Vegna jarðarfara forsætisráðherraþjónanna, dr. Bjarna Benediktssonar og frú Sigríðar Björnsdóttur, og dóttursonar þeirra, verða skrifstofur vorar lokaðar í dag frá kl. 1—4.

H.f. Eimskipafélag Íslands.

Íþróttir

Framhald af bls. 13

KR, sem lék á móti Liverpool fyrir nokkrum árum. Og hafa blöðin sjálfsagt ruglað á orðinu Reykjavík og Keflavík, enda íslensk lið ekki þekkt á erlendum vettvangi.

Þetta er ekki í fyrsta sinn, sem slíkt kemur fyrir með íslensk lið. Í fyrra var í flestum erlendum blöðum sagt, að það væri Fram, sem léki við Leviski í Evrópukeppni bikar meistara, í stað ÍBV.

Húsgagnaarkitektar

Framhald af bls. 7

jafnmörgum löndum, þar á meðal frá öllum Norðurlöndunum. Félagið er auk þess aðili að Norræna byggingardeginum.

Árið 1960 gekkst félagið fyrir fyrstu húsgagnasýningu á Íslandi, þar sem einungis voru sýnd húsgögn, teiknuð af íslenskum húsgagnaarkitektum og framleidd af íslenskum aðilum. Árin 1961 og 1968 gekkst félagið einnig fyrir sams konar sýningum.

Félagið hefur ætíð unnið að því að útbreiða meðal almennings hvað góð hönnun er mikils virði og reynt af fremsta megni að hafa áhrif á iðnhönnun á Íslandi.

Þetta atriði hefur verið víður kennt meðal allra okkar nágranna þjóða um áraradír og er lögð mjög mikil áherzla á þetta atriði við gerð flestrar iðnaðarvöru. Góð hönnun eykur sölugildi vörunnar og um leið fjárhagslega afkomu framleiðendanna. Nú er farið að gæta skilnings opinberra aðila á Íslandi á þessu atriði iðnaðarframleiðslu, þar sem unnið er nú að því að koma á fót hönnunarmiðstöð.

Í tilefni afmælis félagsins var ákveðið að gera Helga Hallgrímsson að heiðursfélagi, fyrir mikil og gott brautryðjendastarf í þágu stéttarinnar.

Núverandi stjórn Félags húsgagnaarkitekta skipa þeir:

Jón Ólafsson, formaður,
Stefán Snæbjörnsson, ritari,
Hjalti Geir Kristjánsson, gjaldk.

Stríð Rússa og

Kinverja

Framhald af bls. 9

áratug einungis til undirbúnings, en til úrslita getur dregið ef öðrum hvorum auðnast að nota tímann til muna betur og fær óbilandi trú á afli sínu.

Hvað gerist til dæmis ef valdhafarnir í Peking ná veru lega góðum árangri í vígbúnaði og vopnasmíði? Hvað gæti gerzt ef Moskvumenn ná samkomulagi við ríkisstjórnina í Bonn? Eða þá ef annar hvor aðillinn telur sig hafa náð grundvallarsamkomulagi við valdhafana í Washington? Verði skyndileg breyting á því jafnvægi hernaðar-afla og máttar, sem nú er fyrirséð, getur það sem er orðið uppi á teningnum. En gerist ekkert óvenjulegt ræður bolinnæðin í úrslitum.

Tónlistarskóli Kópavogs



Nokkrir nemendur í undirbúningsdeild.

Tónlistarskóla Kópavogs var slitið laugardaginn 23. maí að viðstöddu fjölmenni og þar með lauk 7. starfsári skólans. Tvönnir vortónleikar voru haldnir og fóru hinir síðari fram við skóla-slit. Það er orðin einskonar hefð að kennari við skólann komi fram við þessa athöfn, og nú kom það í hlut Rutar Ingólfsdóttur, hins kunna fjölmennara, en undirleik annaðist Gísli Magnússon.

Skólastjóri, Fjölur Stefánsson, greindi frá starfi skólans í vetur og gat þes, að enn hefði aðsókn aukizt. Kennarar voru 15 auk skólastjóra, en 185 nemendur stunduðu nám. Skiptust nemendur þannig, að 128 sóttu tíma í hljóðfæraleik, en nemendur undirbúningsdeildar voru 57. Undirbúningsdeildin þjónar sama tilgangi og forskóli Barnamúsikskólans í Reykjavík, þ. e. að kenna börnum undirstöðuatriði tónlistarnáms og vekja áhuga þeirra á tónlist. Deildinni var formlega slitið laugardaginn 16. maí. Í því tilefni voru haldnir tónleikar er þoru jafnframt sérstök kynning á hinum ýmsu hljóðfærum, sem kennt er á við skólann. Tónlistarskólinn efndi til vornámskeiðs nú í maí eins og í fyrra, og sóttu það 40 börn á aldrinum 6—7 ára.

Skólastjóri lagði mikla áherzlu á húsnæðisvandamál skólans og kvað skólann nú standa á krossgötum áframhaldandi starfsemi eða stöðnunar. Aukin aðsókn og fjölbættari kensla krefst að sjálf-sögðu aukins húsrýmis, og það í svo ríku mæli, að núverandi húsnæðisaðstaða er algerlega ó-

fullnægjandi. Þessi gífurlegu þrengslu einkenndu daglegt starf s. l. vetur og voru neyðarúrræði fastur liður til að fullnægja kennsluþörfinni. Hér er um mjög alvarlegt mál að ræða og vonandi finnst farsæl lausn á því hið fyrsta.

Vetrarstarfið var fjölbættara nú en áður. Tekin var upp kensla í sellóleik, skólakór var stofnaður og samleikur á hin ýmsu hljóðfæri aukinn. Fyrir utan meiriháttar tónleika á vegum skólans, svo sem jóla, páska- og vortónleika, var haldinn fjöldi músikfunda. Það var mjög ánægjulegt hve virkan þátt foreldar tóku í starfinu með því að sækja tónleika skólans. Álitlegur hópur nemenda kom fram opinberlega nú í vor, t. d. kom skólakórinn fram í barnatíma sjónvarpsins ásamt nemendum úr undirbúningsdeild nemenda í þverflautuleik og píanóleik. Ríkisútvarpið hefur ákveðið að hefja kynningu á starfsemi tónlistarskólanna, og var fyrsti þáttur tekinn upp í vor sem leið með nemendum úr Tónlistarskóla Kópavogs. Nokkrir unglingar voru valdir til að koma fram á listahátíð og meðal þeirra var nemandi í píanóleik frá okkar skóla. Skömmu áður en sumarleyfi sjónvarps hófst, var sýndur þátturinn „Í góðu tómi“, en þar kom fram nemandi í einsöng við Tónlistarskólann, flutti nokkur sönglög og sagði frá námi sínu við skólann. Fullyrða má, að allir þeir nemendur, sem komið hafa fram fyrir skólans hönd, hafa orðið honum og Kópavogs-kaupstað til mikils sóma.

FRAMSYN

Laugardagur 25. júlí 1970.

MINNINGARORÐ

Hinn hörmulegi atburður á Þingvelli nóttina 10. júlí s.l. er í svo ferzku minni, að mönnum er enn tregt tungu að hræra, þegar þau sorgartíðindi rifjast upp.

Mönnum er ljóst, að ráð Bjarna Benediktssonar og stefnumótandi áhrif hans á gang framtíðarmála þjóðarinnar var samofin sögu hennar og lífi undanfarin ár, og skyndilegt fráfall hans mun skipta sköpum í ýmsum mikilvægum atriðum, sem þjóðinni allri eru sameiginleg. Mönnum greinir á um leiðir, en um markmiðið eru allir Íslendingar sammála, en það er, að þjóðin búi frjáls og fullvalda í landi sínu við efnahagslegt öryggi.

Enginn efast um, að segulsteinn Bjarna Benediktssonar vísaði ósleitilega í þá átt, þótt mörgum þætti leiðir hans á stundum krókóttar, en aðra stundina farið einstigi. En ofar öllum deilum lifir minningin um persónu-mikinn og vitran forustumann, og nafn hans og verk hafa þegar fezt þær rætur í þjóðlífi voru, að hans verður jafnan minnst hvenær sem saga lands og þjóðar verður sögd með virðingu fyrir, hvernig íslensku þjóðinni hefur tekizt að nema og byggja þetta land og skapa sér menningarleg lífsskilyrði.

Framsýn vottar börnum og aðstandendum forsætisráðherrahjónanna og dóttursonar þeirra unga innilega samúð.

S. D.

Bæjarstjórnarfundir og nefndakjör

Fyrsti fundur bæjarstjórnar Kópavogs á þessu kjörtímabili var haldinn hinn 5. júní s.l. Hér var fyrst og fremst um að ræða kynningarfund hinnar nýkjörnu bæjarstjórnar og engin ákvörðun tekin um bæjarmál.

Að hætti gamallar hefðar var aldursforseti bæjarstjórnarinnar kjörinn fyrsti forseti og það virðulega embætti varð frú Hulda Jakobsdóttir að taka að sér. Annar fundur bæjarstjórnarinnar var haldinn hinn 26. júní s.l. Þá var ekki heldur tekin fyrir veigamikil bæjarmál, enda stóðu þá yfir umræður milli flokkanna um samstarf og væntanlegan meirihluta í bæjarstjórn. Þó var kosið í bæjar-ráð, og er það nú skipað þannig: Guttormur Sigurbjörnsson, 1. fltr. Framsóknarfli., Axel Jónsson, 1. fltr. Sjálfstæðisfl. og Sigurður Grétar Guðmundsson, 2. fltr. Samtaka Óháðra borgara og Alþýðubandalagsins. Varamenn eru: Björn Einarsson (F), Sigurður Helgason (S) og Svandís Skúladóttir (Ó&A).

Á síðasta bæjarstjórnarfundinum, hinn 10. júlí s.l. samþykkti bæjarstjórnin að veita 1. fulltrúum Alþýðuflokksins (Ásgeiri Jóhann-

essyni) og Frjálslyndum vinstri-mönnum (Huldu Jakobsdóttur), setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétti án atkvæðisréttar, en samkvæmt bæjarmálasamþykkt skal bæjarráð vera skipað 3 fulltrúum.

Á öðrum fundi bæjarstjórnarinnar var ennfremur kosið í byggingarnefnd og er hún skipuð þannig: Bæjarstjóri, Björgvin Svandís Skúladóttir, Gunnar Kristjánsson og Jörundur A. Guðlaugsson. Varamenn (innan bæjarstjórnar) Helgi Ólafsson og Björn Kristjánsson. Aðrir varamenn: Þórarinn Þórarinnsson og Bjarni Sigfússon.

Forseti bæjarstjórnar var kosinn Guttormur Sigurbjörnsson, 2. forseti Axel Jónsson og 3. forseti Eggert Steinsen.

Þá voru og teknir fyrir reikningar bæjarins. Samkvæmt opinberri tilkynningu frá bæjarstjórn, voru reikningarnir samþykktir hinn 10. júlí s.l. með 8 atkv. (frú Hulda Jakobsdóttir hafði fyrirvara á samþykkt sinni), en Ásgeir Jóhannesson sat hjá — Framsýn). Reyndust tekjur bæjararsjóðs á síðasta ári tæplega 119.5 millj. króna (á fyrra ári

103.5 m.), þar af útsvör 90 milljónir (á fyrra ári 79 millj. kr.). Hæstu útgjaldaliðir eru félagsmál, 31.1 millj. kr. (25.4 m. kr. árið áður). Gatna- og holræsagerð var 25.7 millj. kr. (26 millj. kr.). Fræðslumál, rekstrarkostnaður netto kr. 14.7 millj. (14.9 millj. kr.) Fræðslumál, stofnkostnaður netto 13 millj. kr. (9.3 millj. kr.).

Eins og fyrr segir, var 3. bæjarstjórnarfundurinn haldinn 10. júlí s.l. Þar voru mörg mál til umræðu og afgreiðslu, m.a. kosið í allar fasta nefndir, nema undirkjörstjórnir og hitaveitunefnd, sem var frestað. Fundarsalur bæjarstjórnar var fjölsetinn áhugasömum bæjarbúum um málefni kaupstaðarins.

Fastanefndir bæjarins skipa nú:

NEFNDIR TIL EINS ÁRS.


Framfærslunefnd: Aðalm.: Sig-rún Bruun, Ingólfur Ingvarsson, Halldór Pétursson.

Varam.: Erna Þórðardóttir, Eyvindur Arnason, Sigurður Ólafsson.

Hafnarnefnd: Aðalm.: Eggert Steinsen, Svandís Skúladóttir, Sveinn Gamalielsson, Gunnar Flóv-

Framhald á bls. 6.

meist



"Til þess að öðlast raunverulega þekkingu á einhverjum hlut verðum við að spanna yfir og rannsaka allar hliðar hans, öll tengsl hans bein og óbein. Okkur mun aldrei takast þetta til fulls, en krafan um alhliða rannsókn forðar okkur frá villum og eintrjáningshætti."

MÁLGAGN ÆSKULÝÐSFYLKINGARINNAR - SAMBANDS UNGRA SÓSÍALISTA

Nafni ÆF breytt í haust ? Aldurshámark afnumið ?

Ályktun miðstjórnar um skipulagsmál

Á miðstjórnarfundi Æ.F. í júlí s.l. var samþykkt eftirfarandi greinargerð og ályktun til félaga og deilda fyrir sambandsþingið í haust:

Endalok júniverkfallanna mynda þátta-skil í baráttu vinstrihreyfingarinnar. Þjóðfélagið er aftur fallið í fastar skorður og slaknað hefur á þeirri félagslegu spennu, sem kjaraskerðingin 1967 og atvinnuleysið í kjölfar hennar sköpuðu.

Á þessu tímabili hefur Æskulýðsfylkingin orðið til sem raunverulega sjálfstæð samtök. Upphafsins er þó að leita allt aftur til ársins 1966, en vorið 1966 kepptu fjögur flokksbrot úr Sósíalistaflokknum og Alþýðubandalaginu um völdin í Æskulýðsfylkingunni. Þessari baráttu lauk með því að fulltrúar vinstra arms Sósíalistaflokksins urðu hlutskarpastir og mynduðu meirihluta í stjórn Æ.F.R. sumarið 1966 og í framkvæmdanefnd landssambandsins um haustið.

Vinstri armur Sósíalistaflokksins var klofinn í tvo hópa, og eftir að tilraunir hinnar nýju Æ.F.-forystu til að setja þessa hópa höfðu beðið skipbrot, var ekki lengur nema um tvær leiðir að velja. Önnur var sú að liða Fylkinguna endanlega í sundur í innbyrðis baráttu í fjörbrotum Sósíalistaflokksins. Hin leiðin var að sameinast um uppbyggingu starfs Fylkingarinnar á sjálfstæðum grundvelli og freista þess að draga hana sem slíka út úr deilunum um framtíð Sósíalistaflokksins og Alþýðubandalagsins. Þar sem ekkert flokksbrotanna, sem kepptu um völdin í Æ.F., hafði styrk til að ná hreinum meirihluta, varð síðari leiðin valin. Sjálfstæðisstefna Æ.F. gagnvart Sósíalistaflokknum og Alþýðubandalaginu varð því upphaflega til sem málamiðlun milli hópa yngri manna, þar sem enginn þeirra hafði styrk til að gera Æ.F. að verkfæri flokkshópa sinna.

Þegar Sósíalistaflokkurinn var lagður niður og Alþýðubandalagið var formlega gert að stjórnmalaflokki riðlaðist vinstriarmurinn. Hluti hans tvístraðist út í Alþýðubandalagið, annar hluti lagði árar í bát, þriðji hlutinn ákvað að hrófla upp nýjum flokki úr Sósíalistafélagi Reykjavíkur, en fjórði hlutinn hafði þá þegar myndað all þéttan kjarna í Æskulýðsfylkingunni og helgað sig uppbyggingu hennar sem sjálfstæðra baráttusamtaka. Sú ákvörðun, sem áður hafði verið taktísk málamiðlun var orðin að sögulegri nauðsyn.

Helztu ástæður þessa voru eftirfarandi: I. Opinská áform íslensku borgarastéttarinnar um að svíkja endanlega sjálfstæð-

isbaráttuna með því að opna allar gáttir fyrir erlent fjármagn og tengjast efnahagsbandalögum stórauðmagnsins í Vestur-Evrópu, höfðu afhjúpað endanlegt gjaldþrot þjóðfylkingarstefnu Sósíalistaflokksins og Alþýðubandalagsins.

II. Skarpari stéttaandstæður í kjölfar kjaraskerðingarinnar 1967 og gjaldþrots "viðreisnarinnar" kölluðu á uppbyggingu sósíalískra baráttusamtaka sem leituðust við að gera stéttarhagsmuni verkalýðsins að þungamiðju ALLRAR starfsemi sinnar.

3. Vaxandi hentistefna Alþýðubandalagsins samfara ólýðræðislegum starfsháttum þess kæfðu vonir um að Alþýðubandalaginu yrði breytt til betri vegar. (Dæmi: Þegar þetta er birt hefur í 10 mánuði aðeins verið haldið einn félagsfundur í Alþýðubandalagsfélaginu í Reykjavík. Ákvarðanir þessa eina félagsfundar hafa verið fótum troðnar af félagsstjórninni.)

4. Upp hefur risið á heimsmælikvarða herská stúdenta og nemendahreyfing, sem virðist greinilegur vaxtarsproti félagslegra byltingarafla af nýrri gerð. Að tengja baráttu þessarar hreyfingar og baráttu verkalýðsstéttarinnar saman í eina heild, kallar á pólitísk samtök af nýrri gerð.

5. Engin önnur stjórnmalasamtök á Íslandi en ÆF virðast líkleg til að geta orðið samstiga í hinni nýju og þróttmiklu baráttu, sem hafin er gegn heimsvaldastefnu stórauðmagnsins um allan heim, eða yfirleitt líkleg til að geta hagnýtt sér og lagað að íslenskum aðstæðum þá fersku byltingarstrauma, sem leika um allan hnöttinn. Þessi mál eru ekki svo einföld að um sé að ræða "að flytja inn erlendar tízkühugmyndir". Alþjóðlegar þræringar hafa frá upphafi verkalýðshreyfingarinnar verið einn sterkasti hvati staðbundinnar baráttu. Ytri orsakir eru KVEIKJA allra breytinga og virka gegnum innri orsakir hlutanna, sem eru UNDIRSTÖÐUR breytinganna.

Af þessum ástæðum og mörgum fleiri er nauðsynlegt að við slökum hvergi á þeirri stefnu að halda áfram að byggja Æ.F. upp sem sterk og sjálfstæð stjórnmalasamtök. Með þessu er ekki átt við, að Æ.F.-félagar skuli ekki starfa innan annarra stjórnmalasamtaka vinstrihreyfingarinnar. Það er einmitt helzti styrkur Fylkingarinnar að hafaaldrei orðið einangrunarstefnunni að bráð.

Framhald á öftustu-síðu...

Sjálfstæðisflokkurinn

markar sér umræðu-grundvöll

Fjögur mál hafa orðið til þess að treysta auðvaldsþjóðskipulagið á Íslandi í sessi á síðasta ári:

1) Samruni vinstri-sósíaldemókrata úr verkalýðshreyfingunni og borgaralega sinn-aðs millistéttarfolks í ný flokkssamtök: Samtök frjálslyndra og vinstri manna.

2) Vaxandi hægriþróun Alþýðubandalagsins en flauturslegt framboð Sósíalistafélags Reykjavíkur og fylgisaukning Alþýðubandalagsins í Reykjavík í síðustu kosningum hefur gefið hentistefnu og hægriþróun Alþýðubandalagsins byr undir báða vængi.

3) Átakalaus innganga Íslands í Fríverzlunarbandalagið, sem leiðir af sér trausta samþættingu íslenskra atvinnuvega og erlends stórauðmagns.

4) Kosningasigur Sjálfstæðisflokksins í bæjar- og sveitarstjórnarkosningunum í vor eftir nær þriggja ára tímabil kjarskerðingar, atvinnuleysis og átaka ríkisvalds og verkalýðshreyfingar.

Af öllum sólarmerkjum að dæma álitur valdstéttin sig það trausta í sessi nú, að hún þurfi ekki að hafa miklar áhyggjur af komandi alþingiskosningum. Fljótverkasta og auðveldasta leiðin fyrir Sjálfstæðisflokkinn til að fylgja sigrum borgarastéttarinnar eftir, hefði verið að leggja út í alþingiskosningar strax í haust. Eftir slíkar kosningar hefði Sjálfstæðisflokkurinn tvímælalaust staðið sterkar að vígi og átt auðvelt með að velja sér samstarfsaðila og setja þeim skilyrði að eigin geðþótta. Eftir slíkar kosningar hefði forysta Sjálfstæðisflokksins einnig haft gott svigrúm til að "hreinsa til" í atvinnulífinu á kostnað smáatvinnurekenda


En haustkosningar hefðu aðeins verið fljótverkasta og auðveldasta leiðin til að treysta pólitískan grundvöll auðvaldsþjóðfélagsins á Íslandi, það er ekki þar með sagt að þær hefðu verið árangursríkasta leiðin. Þvert á móti getur eins farið svo að valdstéttinni heppnist að styrkja pólitíska stöðu sína enn meira í vetur.

Undanfari þess að reynt sé að breyta pólitískum valdahlutföllum er jafnan áróðursleg herferð. Undanfarin ár hafa raddir magnast í íslenskri borgarastétt um að nauðsynlegt sé að breyta vinnulöggjöfinni og takmarka athafnafrelsi verkalýðshreyfingarinnar. Áróðurinn fyrir þessu máli hefur þó verið hvað ákafastur og samfelldastur síðustu 4-5 mánuði. Embættismanna-vald verkalýðshreyfingarinnar er greinilega orðið ugðandi um sinn hag í þessari

Framhald á öftustu síðu..

Í STUTTU MÁLI

Pólitískur eftirmáli



Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, er fallinn frá og allar minningargreinar eru afstaðnar. Eftir stendur alþýða manna þrumu lostin. Ekki af því, að landinu sé ekki stjórnað svipað og áður, heldur af því að hafa lifað svo lengi í blekkingu. Var hann þá ekki landsölumaður, sá sem okkur var kennt að væri það? Var hann þá ekki eins illa upplýstur eins og manni skildist, að Reykjavíkurbreifin bentu til.

Íslenzkt alþýðufólk skal hér með upplýst um það, að í þessu máli sem og svo mörgum öðrum hefur hún verið leiksoppur tækifærissinnaðra stjórnámalanna.

Á löngu tímabili var það hentugt fyrir þessa tækifærissinna að taka undir þann persónulega áróður, sem haldið var uppi gegn Bjarna. Þetta féll saman við þá **kenningu**, sem þeir hafa reynt að innprenta almenningi árum saman, að það séu fyrst og fremst óhæfir menn, sem stjórnuðu landinu, að bara ef þeir kæmst sjálfir í stjórn þá mundi þetta allt ganga vel.

Þegar svo Bjarni Benediktsson ferst með voveiflegum hætti og fær talsverða samúð, þá vilja hinir pólitíkusarnir líka næla sér í hluta af þeirri samúð með því að skrifa nógu vel um verkin hans. Það er ekki von, að venjulegt alþýðufólk á Íslandi fái traust á þeim vinstri forystumönnum, sem svona hegða sér, eða þeirri stefnu, sem þeir halda fram.

Sá raunveruleiki, sem fólk þarf að gera sér grein fyrir, er eftirfarandi: Bjarni Benediktsson hefur verið forystu maður íslenzkra kapítalista á ákveðnu þróunarstigi kapítalismans á Íslandi. Séð frá sjónarhóli kapítalismans, var á þessu skeiði og er enn aðeins um eina leið að velja, að láta innlimast í erlent hervaldskerfi og auðsamsteypur. Á þessari braut var Bjarni sennilega hinn trausti foringi íslenzkra kapítalista, að minnsta kosti virðist svo eins og þeir sjá eftir honum.

En Bjarni Benediktsson lagði ekki þessa braut, þessi braut var einfaldlega eðlilegasta leið íslenzks kapítalísma.

Verkföllin og niðurstaða þeirra

Neisti hefur ekki komið út síðan fyrir verkfall. Blaðið var lagt niður þá en félagarnir einbeittu sér að útgáfu "Verkfallsvarðarins", sem kom út annan hvern dag meðan verkfallið stóð yfir. Í þessu blaði er ekki birt neitt ítarlegt álit um niðurstöður verkfallsins eða rekstur þess. Við viljum aðeins benda á tvö augljós atriði. Í fyrsta lagi, ef verkalýðsforystan hefði fallið á að

beita öllum samtakamætti sínum til að knésetja atvinnurekendur, ef verkalýðsforystan hefði ekki haldið hlífiskyldi yfir nokkrum þýðingarmestu atvinnurekendum landsins, þá hefði sá árangur, sem náðist getað náðst með minna en viku verkfalli. Hitt atriðið er þetta, það er sannarlega engin ástæða til að tala um stórsigra verkalýðshreyfingarinnar, meðan verkafólk þarf enn þá að vinna minnst tvo eftirvinnutíma til að hafa fyrir nauðpurftum.

Sósíalismi - Tízku fyrirbæri?



Fyrir rúmum áratug var sósíalismi hugtak, sem flestir þeir, sem áhrif höfðu á pólitíska sviðinu, leiddu hjá sér. Jafnvel innan Sósíalistasflokksins var reynt að láta bera sem minnst á sósíalísmanum þessu vandræðahugtaki, "sem spillti svo mikið fyrir atkvæðaveiðurunum, sérstaklega úti á landi".

Nú er öldin önnur, nú vilja flestir kenna sig við sósíalísma, sérstaklega meðal yngre fólks. Stjórnámalaflokkarnir eru fljóttir að átta sig á þessu og reyna nú eftir margvíslegum leiðum að krækja í þessa ungu "sósíalista", og gera þá að kjörfylgi sínu.

Það var talandi tímanna tákni, þegar ungir framsóknarmenn og ungir jafnaðarmenn, svo ekki sé minnst á fleiri, gerðust aðilar að ráðstefnu stúdentafélagsins Verðandi fyrir nokkru um leið Íslands til sósíalísma.

Það er auðvitað öllum sósíalístum fagnaðarefni, að sósíalísminn skuli vera kominn í tízku. En ef þeir hafast ekki að, þá getur eins svo farið, að þetta líði hjá eins og hver önnur tízka. Alþýðubandalagið mun þá aftur afneita sósíalísmanum, hvað þá framsóknarmenn og kratar. Sósíalistar þurfa að nota þetta tímabil vel til að útbreiða hugmyndir sínar og vinna til fylgis nýtt baráttufólk fyrir sósíalískri þjóðfélagsbyltingu.

Ráðstefnan: Leið Íslands til Sósíalísma

Ekki verður í þessu blaði birt neitt heildaryfirlit um ráðstefnuna um leið Íslands til sósíalísma. Umræðurnar á þessari ráðstefnu leiddu ekki af sér neinar tímamótamarkandi niðurstöður. Það er í sjálfu sér ekki við því að búast, að fulltrúar borgaralegra afla eins og Framsóknarflokksins komist að sameiginlegri niðurstöðu við Æskulýðsfylkinguna. Ráðstefnan einkenndist reyndar mest af rökræðum milli þessara tveggja samtaka, um sósíalísma eða ekki sósíalísma. Alþýðubandalagið þagði að mestu á ráðstefnunni. Það er ekki auðvelt fyrir Alþýðubandalagið, sem í atkvæðaveiðum sínum reynir allt í senn að vera vettvangur þjóðlegrar borgarastéttar, sósíaldemókrata af gerðinni Palme og sósíalísma, að gera öllum til geðs á einni ráðstefnu. Þess vegna er þögnin valin.

Til hvers var barizt?

Þegar við börðumst fyrir því að gera Kristján Eldjárn að forseta Íslands fyrir tveimur árum, var það gert vegna einhverrar óskilgreindrar vinstrimennsku.

Á ráðstefnunni um leið Íslands til sósíalísma fyrir skömmu vitnuðu sumir framsóknarmenn óspart til þeirra ummæla Kristjáns, að NATO hefði ekki reynt eins illa og hann ætlaði í fyrstu og hann vildi vera áfram í NATO. Framsóknarmenn vitnuðu í Kristján, þegar þeir voru komnir í algert rökþrot.

Svona geta vopnin snúist í höndum okkar vinstri manna og sósíalista, sé þeim ekki beitt rétt, þegar við vitum raunverulega ekki, hvað við viljum.

Margir sögðu fyrir forsetakosningarnar, að fyrrnefnd ummæli Kristjáns væru ekki annað en kosningabrella til að ná líka í ihaldsatkvæði. Eftir forsetakosningarnar hefur Kristján látið hafa sig í það að afhenda yfirmanni bandaríska hernámsliðsins fálaorðuna, verðlaun leppsins til húsbóndans. Hann hefur yfirleitt ekki sýnt nein merki þess að hafa risið upp úr því svaði afturhalds, sem er toppurinn á Íslandi um þessar mundir. Ýmsir segja, að Kristján geti ekkert gert, eins og það er orðað. Sannleikurinn er sá, að Kristján getur gert afskaplega mikið. Hann ætti að vísa á hættu, að íslenzkir íhaldsmenn mundu sameinast í harðri andstöðu gegn honum í næstu forsetakosningum, en jafnvel þótt hann félli fyrir framsókn þeirra, væri hann ekki á flæðiskeri staddur.

Það er ef til vill of snemmt enn þá að dæma Kristján úr leik, sem þáttakenda í þjóðsrelnisbaráttu Íslendinga, það eru tvö ár eftir af kjörtímabilinu. Á þessum tveimur árum mun verða úr því skorið, hvort Kristján muni rísa upp til andstöðu við íhaldsöflin, eða hvort hann ætlar að gera eins og Nóbelskaldið fræga, að telja íslenzkt alþýðufólk nógu gott til að lyfta sér á toppinn, en þegar á toppinn er komið, sé bæði þægilegra og öruggara að byggja á stuðningi íhaldsins.

Framhald af öftustu síðu...

Sjálfstæðisflokkurinn markar sér umræðugrundvöll...



Á fyrsta fundi viðræðunefndarinnar lagði ríkisstjórnin fram skýrslu um ástand og horfur í efnahagsmálum, merktu trúnaðarmál, en slíkar merkingar eru jafnan notaðar til að málbinda trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar og hindra þá í að leita áhlits umbjóðenda sinna og gefa þeim raunveruleg tækifæri til að ræða málin áður en ákvarðanir eru teknar. Annar fundur viðræðunefndarinnar verður haldinn í byrjun september.

Það er nauðsynlegt fyrir félagan verkalýðsfélaganna að krefjast þess að fá fulla vitneskju um gang þessara viðræðna. Jafnvel ástand og horfur í efnahagsmálum ætti ekki að vera trúnaðarmál í hvíslingum á milli embættismanna verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda og ráðherra. Almennur verður að gera kröfu um að þessi mál séu rædd fyrir opnum tjöldum. Verkalýðsforingjarnir eru kjörnir sem trúnaðarmenn verkalýðshreyfingarinnar en ekki ríkisstjórnar og atvinnurekenda



DÁNARMINNING

frú Sigríðar Björnsdóttur,
dr. Bjarna Benediktssonar forsætisráðherra
og dóttursonar þeirra Benedikts Vilmundarsonar



Þau hörmulegu tíðindi spurðust út um byggðir landsins sl. föstudagsmorgun, að þá um nóttina hefðu látizt í eldsvoða á Þingvöllum, frú Sigríður Björnsdóttir og dr. Bjarni Benediktsson, forsætisráðherra, ásamt ungum dóttursyni þeirra hjóna Benedikt Vilmundarsyni.

Þegar svo válega atburði ber að höndum, sem hér hafa átt sér stað, eru snertir hinir viðkvæmstu strengir í hjörtum okkar allra, og við fáum með engu móti skilið þann sem öllu ræður. Við stöndum varnarlaus og verðum að sætta okkur við þá staðreynd, að örlög sín fær enginn umflúið.

Með þeim frú Sigríði Björnsdóttur og Bjarna Benediktssyni eru gengin hjón, sem hafa sl. áratugi öðrum fremur hlotið að verðleikum óvenju mikinn trúnað okkar Íslendinga. Það er því engin furða þótt það taki okkur lengri tíma en þann, sem líðin er frá þessum harmþrungna atburði, að gera okkur grein fyrir þeirri breytingu, sem orðin er í íslensku þjóðlífi.

Þau frú Sigríður og Bjarni voru bæði fæddir Reykvik- ingar. Komin af kjarnmiklu fólki, sem um aldamótin og fram eftir þessari öld, settu mikinn svip á athafna- og stjórnmálatífr landsmanna.

Frú Sigríður var fædd 1. nóv. 1919, dóttir þeirra hjóna Önnu Pálsdóttur og Björns Jónssonar, skipstjóra í Ána- naustum, eins af þekktustu sjósóknurum Reykvikinga.

Bjarni var fæddur 30. apríl 1908, sonur þeirra hjóna Guðrúnar Pétursdóttur og Benedikts Sveinssonar, al-

þingisforseta, sem voru litríkir persónuleikar er stóðu um langan tíma í fremstu víglínu sjálfstæðisbaráttu landsmanna.

Bjarni Benediktsson var alinn upp á heimili, þar sem íslensk menning og saga voru í hávegum höfð, samfara því að húsbændurnir á Skólavörðustíg 11a voru virkir þátttakendur í þjóðmálabaráttunni. — Hann bar þess líka merki í lífi sínu, að veganestið, sem hann hafði hlotið á æskuheimili sínu var gott, svo mjög unni hann íslenskrí tungu og bókmenntum, þannig stundaði hann vísindastörf samfara erilsömum störfum, svo áhrifamikil varð þátttaka hans í íslenskum stjórnmálum.

Ungur vakti Bjarni Benediktsson á sér athygli sakir afburða gáfna, sérstakrar samvirkusemi og glæsilegra námsafreka, sem leiddu til þess að lífsferill hans varð með slíkum glæsibrag, sem raun ber vitni.

Honum voru falin af samferðamönnum hans hin ábyrgðarmestu störf í þjóðfélaginu á vettvangi vísinda og stjórnmála. Þannig varð hann aðeins 24 ára gamall prófessor í lögum við Háskóla Íslands; líðlega þritugur borgarstjóri og alþingismaður Reykvikinga; tæplega fertugur ráðherra í ríkisstjórn Íslands 1947 og ráðherra síðan að undanskildum árunum 1956—59, er hann var ritstjóri Morgunblaðsins.

Forsætisráðherra Íslands frá 1963 til dauðadags.

Fjölmörgum öðrum trúnaðarstörfum gegndi hann, sem hér verða ekki upp talin.

Starfsvettvangur Bjarna Benediktssonar gaf honum mikið tækifæri til þess að hafa áhrif í íslensku þjóðlífi, enda hefur hann með heilladrjúgum störfum sínum markað djúp spor í sögu þjóðar okkar og oft á tíðum haft úrslita áhrif á gang þjóðmálanna sl. áratugi.

Sem mikill ræðumaður samfara óvenju mikilli þekkingu og skarpskyggni, hafa orðræður hans ævinlega vakið mikla athygli og mat hans á málefnum ætíð vegið þungt á vogarskálinni.

Þegar íslensk þjóð hefur þurft á að halda ráðum sinna vitrustu og beztu sona, var að vonum leitað til Bjarna Benediktssonar, sem naut mikils trausts meðal landsmanna allra.

Það er hverjum manni mikil stöð að hafa sér við hlið samhentan lífsforunaut, ekki hvað sízt umsvifamiklum stjórnmálamanni eins og Bjarni Benediktsson var. Hann var tvíkvæntur. Hafði 1936 orðið að sjá á bak ungrí eiginkonu sinni frú Valgerði Tómasdóttur Tómassonar forstjóra í Rvík, eftir háls árs sambúð þeirra. Slíkt hlýtur að vera hverjum ungum manni mikil raun. Það var því Bjarna mikil gæfa er hann kvæntist 18. des. 1943 frú Sigríði Björnsdóttur, enda dró Bjarni enga dul á það.

Frú Sigríður giftist Bjarna þá er hann gegndi embætti borgarstjóra Reykjavíkur. Hennar beið því vandasamt hlutverk í lífinu, sem hún leysti af hendi með þeirri hátt- þryði og hófsemi, sem einkennt hafði bernskuheimili (Framh. á bls. 9)

DÁNARMINNING

(Framh. af bls. 1)

hennar. Hún var sérstæð kona, sem hafði til að bera allt það bezta, sem hún þurfti á að halda til þess að gegna skyldustörfum sínum í lífinu, hvort heldur sem eiginkona, móðir, amma eða kona umsvifamikils þjóðmálaforingja.

Hún var greind kona, gædd mikilli forsjá og skilningi á lífið og hvarvetna, sem hennar vegir lágu, var það öðrum til góðs og henni til sóma.

Það er vissulega ekki á færi allra kvenna, að standa við hlið manns, sem stendur í jafn ströngu allt sitt líf og Bjarni Benediktsson gerði.

En það var sannarlega á færi frú Sigríðar Björnsdóttur. Heimilið og sá friður sem þar ríkti undir handleiðslu frú Sigríðar var athvarf Bjarna. Þar gat hann sinnt hugðarefnum sínum, verið samvistum við konu sína og börnin þeirra fjögur, Björn stud. juris, nú kvæntur Rut Ingólfssdóttur fiðluleikara, Guðrúnu, Valgerði og Önnu og síðar drengina litlu Benedikt og Bjarna.

Líf og starf Bjarna Benediktssonar og konu hans frú Sigríðar er tengt einum félagsskap í okkar samfélagi öðrum fremur, en það er Sjálfstæðisflokknum.

Bjarni stóð að stofnun Sjálfstæðisflokksins 1929. Sjálfstæðismenn sáu fljótt hvern mann Bjarni Benediktsson hafði að geyma. Þess vegna fólu þeir honum hvert trúnaðarstarfið á fætur öðru, sem sjálfstæðismenn höfðu yfir

að ráða, hvort heldur þar var innan flokksins eða utan. Verk sín öll leysti Bjarni af hendi með þeim vitnisburði, að sjálfstæðismenn völdu hann einróma til að taka við formannsstörfum 1961 og forsætisráðherrastörfum 1963, er Ólafur Thors óskað eftir því að verða leystur frá þeim.

Þrátt fyrir erilsöm ráðherraörf höfðu þau frú Sigríður og Bjarni ætíð tíma til þess að sinna kalli flokksmanna sinna og ólöt voru þau að ferðast til þess að hitta flokksfólk út um landsbyggðina, og í eina slíka ferð skyldi haldið um sl. helgi. — Sú ferð var ekki farin.

Slíkur örlagavefur hafði þeim verið ofinn.

Sjálfstæðismenn í Hafnarfirði munu minnst formanns síns og konu hans, þeir minnst mikilhæfra forsætisráðherraþjóna, sem á bezta aldri hafa svo svíplega horfið úr forystuhlutverki þjóðar sinnar.

Hugur minn hvarflar aftur í tímann til þeirra ára er ég kynntist fyrst þeim Bjarna Benediktssyni og hans elskulegu konu frú Sigríði.

Ég kom ungur í þingflokk Sjálfstæðismanna til samstarfs við þau Paulreynda og mér miklu eldri menn, menn sem aldurs vegna gátu verið feður mínir. Það var mér því mikils virði og mun óþafa verða mér ævarandi styrkur í stjórnmálastarfi mínu, hversu reiðubúin þessir ágætu menn voru að miðla af sinni reynslu og fróðleik og þar var Bjarni fremstur í flokki.

Aldrei þreyttist Bjarni Benediktsson á því að leggja yngri mönnum flokks síns lið. Hann gerði að sjálfsögðu kröfur til þeirra eins og hann hafði ungur gert til sjálfs sín, en hollráður var hann ætíð. Þótt okkur fyndist hann stundum vilja fara að sínum geðþótta og við vorum honum ekki sammála, kom oftast í ljós, að hann hafði áttað sig betur á hlutunum og haft á réttu að standa. Slíkan mann vildu menn hafa fyrir sinn foringja.

Er nú leiðir skiljast, vil ég færa þeim frú Sigríði og Bjarna Benediktssyni þakkir mínar og konu minnar. Þeirra samskipta og þess samstarfs, sem við áttum saman, munum við ætíð minnst með miklum söknuði, og meta mikils velvilja þeirra einlægni og hreinskilni.

Við biðjum þeim og dóttursyni þeirra blessunar.

Það hefur stórt skarð verið höggvið í fjölskylduna að Háuhlíð 14, þegar allt í senn húsmóðirin, húsbóndinn og dóttursonurinn Benedikt eru kvódd á fund Drottins síns, en Benedikt litli var aðeins fjögurra ára að aldri, mjög efnilegur og skýr drengur, sonur Valgerðar og Vilmundar Gylfasonar Þ. Gíslasonar ráðherra og konu hans Guðrúnar Vilmundardóttur.

Við biðjum Guð almáttugan að veita börnum þeirra Sigríðar og Bjarna styrk í þeirra miklu sorg, svo og föður og öðrum aðstandendum Benedikts litla og sendum þeim samúðarkveðjur okkar.

Maðurinn J. Matthísson

Að gefnu tilefni

er vakin athygli á því að skipting lands, t. d. í sumarbústaðaland, er háð sérstöku samþykki hlutaðeigandi bygginganefndar.

Bygging sumarbústaða er, eins og bygging annarra húsa, óheimil án sérstaks leyfis bygginganefndar.

Ef bygging er hafin án leyfis, verður hún fjarlægð bótalaust og á kostnað eiganda.

Byggingafulltrúinn í Reykjavík.

Byggingafulltrúinn í Kópavogi.

Byggingafulltrúinn á Seltjarnarnesi.

Byggingafulltrúinn í Garðahreppi.

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði.

Byggingafulltrúinn í Mosfellshreppi.

Oddvitinn í Bessastaðahreppi.

Oddvitinn í Kjalarneshreppi.

Haukur Jónsson

Dánarminning



Haukur Jónsson húsasmiðameistari andaðist 9. þ. m. Hann var fæddur 31. okt. 1899 að Sigguseli á Mýrum. Árið 1912 fluttist Haukur til Hafnarfjarðar. Hann nam húsasmiðaiðn hjá Ásgeiri Stefánssyni og stundaði síðan húsasmiðar, bæði teiknaði hús og stóð fyrir byggingum þeirra. Um

skíð vann hann hjá Skipasmiðastöð Hafnarfjarðar, en árið 1942 hóf hann störf hjá Skipasmiðastöðinni Dröfn h.f. og vann þar til dauðadags. Hann var einn af stofnendum þess fyrirtækis og var þar ávallt traustur og góður félagi og samstarfsmaður. Strax á undirbúningsstigi valdist hann til forystu og var fyrsti stjórnarformaður Drafnar h.f. og var það nær óslitið til hinna daga. Haukur hafði mikinn áhuga á því að ný dráttarbraut yrði byggð hér í Hafnarfirði og síðasta verk hans kvöldið áður en hann lézt var að sitja fund þar sem rælt var um framgang þess máls.

Haukur var einn af stofnendum Trésmiðafélags Hafnarfjarðar og átti sæti í stjórn þess um 13 ára bil. Hann var heiðursfélagi Iðnaðarmannafélagsins í Hafnarfirði og átti sæti í byggingarnefnd Hafnarfjarðarkaupstaðar í 20 ár.

Haukur kvæntist Ólafíu Karlsdóttur 1934 og eignuðust þau eina dóttur, sem dvelst í heimahúsum.

Allir þeir, sem þekktu Hauk, kveðja góðan dreng með virðingu og þökk í huga og senda eiginkonu og dóttur innilegustu samúðarkveðjur.

Páll V. Danielsson.



Sólarfri í skammdeginu

Í fyrsta sinn þjóðast Íslendingum ódýrar orlofsferðir með þotuflugi til suðrænna landa í svartasta skammdeginu. Flugfélagið hefur valið Kanaríeyjar, sem vetrardvalarstað fyrir þá, sem njóta vilja sólskins, hvíldar og skemmtunar, þegar veturinn herjar hér heima. **15 daga ferðir — brottfarardagar 31. desember, 14. janúar, 28. janúar, 11. febrúar, 25. febrúar, 1. apríl, 15. apríl og 29. apríl.** **22 daga ferð — brottfarardagur 11. marz.**

Verð með flugfari, gistingu og fæði að nokkru eða öllu leyti í 15 daga frá kr. 15.900.— eftir dvalarstöðum.

Þér komið hress og endurnærð heim eftir ánægjulega dvöl í fögru umhverfi á ströndum Kanaríeyja.

Upplýsingar og farmiðasala hjá eftirtöldum ferðaskrifstofum: Geirs H. Zoëga, Ferðaskrifstofu ríkisins, Jóns Egilssonar (Akureyri), Landsýn, Sunnu, Úrvali og Útsýn.



FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Þotuflug er ferðamáti nútímans.